



FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

12. júní 2006 – 155. tölublað – 6. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 550 5000

Námsstyrkhafi Landsbankans
Brynjari Þór Björnssyni, körfubolta-
manni og mennta-
skólanema, tekst vel
að samræma nám og
íþróttaiðkun.

TÍMAMÓT 22

**Endurkoma hjá Stuð-
kompaníinu**
Tuttugu ár eru síðan hljóms-
veitin Stuðkompaníið kom
fram fyrst og í tilefni af því
ætlar hljómsveitin að
trýlla lýðinn.

FÓLK 28

Nylon á Íslandi
Nylon-flokkurinn hefur verið á ferð og
flugi að undanförunum en ætlar að spila
á Íslandi eftir langa og stranga dvöl á
Bretlandi.

FÓLK 28

**Gunnar Berg og Dagný til
Holstebro**
Handboltakappinn Gunnar Berg
Viktorsson hefur skrifað undir samning
við danska félagið Holstebro. Kona
Gunnars, Dagný Skúladóttir, gekk
einnig til liðs við félagið, sem er bæði
með sterkt karla- og kvennalið.

SPORT 33

VEÐRIÐ Í DAG

SKÚRIR - Í dag verður stíf norðan og
norðaustan átt á Vestfjörðum og vestan
til á landinu. Annars staðar verður hæg-
ari vindur. Víða rigning eða skúrir, síst
á Norðaustur- og Austurlandi. Hiti 5-16
stig, svalast á Vestfjörðum.

VEÐUR 4

Sóknardagakerfinu kennt um minni afla

Þriðjungur þorskafla Færeyinga kemur úr íslenska þorsstofninum. Verðmæti aflans nemur 660 milljónum ári hvert. Alþjóðlega hafrannsóknastofnunin segir sóknardagakerfi Færeyinga ástæðu minnkandi veiða úr þorsstofni þeirra.

SIJAVARÚTVEGUR Í nýlegri skýrslu Hafrannsóknastofnunarinnar kemur fram að Færeyingar hafi veitt að meðaltali 4.400 tonn af þorski úr íslenska þorsstofninum á ári undanfarin þrjú ár. Það er umfram þau 1.200 tonn sem þeim er heimilt að veiða innan íslensku lögsögunnar samkvæmt tvíhliða samningi. Friðrik J. Arngrímsson, framkvæmdastjóri LÍÚ, segir umframtonnin virði 660 milljóna á ári. „Stjórnvöld verða að tryggja að þeir veiði ekki að vild úr okkar stofni. Þetta hefur þau áhrif að við verðum að veiða minna,“ segir Friðrik.

Ljóst þykir að einhver þessara tonna séu veidd innan íslensku lögsögunnar. Landhelgisgæslan stöðvaði færeyskan togara í janúar við ólöglegar veiðar í lögsögu Íslendinga. Meira er þó talið veitt innan lögsögu Færeyinga og við það er tæknilega ekkert ólöglegt. Fram kemur í nýrri skýrslu Alþjóðlegu hafrannsóknastofnunarinnar, ISEC, að veiðar Færeyinga úr sínum stofni hafi minnkað úr um 40.000 tonnum í rúm 10.000 á ári frá 2002. Íslenskur þorskur er því orðinn um þriðjungur afla þeirra. ISEC gagnrýnir sóknardagakerfi Færeyinga og segir það

eina af orsökum vandans. Friðrik segir sóknardagakerfi Færeyinga óskynsamlegt. „Þetta er algjör þvæla og leiðir til þess að menn reyna að veiða sem mest af verðmætasta fiskinum.“ Björn Ævarr Steinarsson, fiskifræðingur hjá Hafrannsóknastofnuninni, segir að Færeyingum hafi ítrekað verið ráðlagt að draga úr sókn í sinn þorsstofn en það hafi þeir einfaldlega ekki gert. Þetta komi því stjórnunarkerfinu lítið við. Magnús Þór Hafsteinsson, þingmaður Frjálslyndra, segir um náttúrulegar sveiflur að ræða. - sh

Margt viðun- andi í tilboði

ÍRAN, AP Ari Larjani, helsti samningamaður Írana í kjarnorkudeilu þeirra, sagði í gær að margt væri viðunandi í tilboði Vesturveldanna. Þó vildi hann breyta ýmsu í skjalinu áður en til frekari viðræðna um það gæti komið. Ríkin fimm sem eiga fast sæti í öryggisráði Sameinuðu þjóðanna, auk Þýskalands, lögðu tilboðið fram í síðustu viku, en þar leggja stórveldin til að Íranar hætti auðgun úrans. Íranar segjast ætla að nýta kjarnorkuna í friðsamlegum tilgangi, en Bandaríkin og önnur ríki óttast að þeir muni nota hana til að búa til kjarnorkuvopn. - smk



ALI LARIJANI Helsti talsmaður Írana um kjarnorkuáætlun þeirra. NORDICPHOTOS/AFP



DYGGUR STUÐNINGUR Margir Íslendingar voru í Globen-höllinni í gær, þeirra á meðal menntamálaráðherra Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir og Gunnar Einarsson, bæjarstjóri í Garðabæ og fyrrverandi landsliðsmaður í handbolta. Þau studdu vel við bakið á íslenska liðinu en til hægri við Þorgerði má sjá Göran Persson, forsætisráðherra Svíþjóðar. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Íslenska handboltalandsliðið: Vann frækinn sigur á Svíum

HANDBOLTI Ísland vann glæsilegan sigur á Svíum í gær í fyrri leik liðanna um laust sæti á HM í Þýskalandi á næsta ári. Leikurinn fór fram í Stokkhólmi en lokatölur urðu 32-28, Íslandi í vil, sem setur liðið í kjörstöðu fyrir síðari leikinn í Laugardalshöllinni á þjóðhátíddardaginn 17. júní. Frábær varnarleikur og agaður sóknarleikur lögðu grunninn að sigrinum en Svíar byrjuðu leikinn mun betur. Eftir að hafa jafnað metin undir lok fyrri hálfleiks var síðari hálfleikurinn eign Íslendinga og Alfreð Gíslason landsliðsþjálfari var virkilega ánægður með strákana í gær. „Ég gat ekki leyft mér að dreyma um fjögurra marka sigur. Eg er mjög ánægður því það gekk eiginlega allt upp sem við vorum að æfa,“ sagði Alfreð meðal annars við Fréttablaðið eftir leikinn í gær. - hþh / sjá síðu 34

**Byrjaðu núna
að æfa!**

Besta leiðin til að unna þú búa sig fyrir Reykjavíkumaraþonin er að skrá sig í hlaupahópið Glitnir.is. Hlaupur Glitnir hleypur frá stytta og löngum hlaupum á Kirkju-sandi og í Kópavogi daglega kl. 17.30 og 19.00.

**REYKJAVÍKUMARAÞONIN
GLITNIR IS
19. AGÚST**

GLITNIR

Valgerður Sværissdóttir ætlar ekki að bjóða sig fram til formanns Framsóknar: Geir leiðir varnarviðræður

STJÓRN MÁL Valgerður Sværissdóttir, iðnaðar- og viðskiptaráðherra og verðandi utanríkisráðherra, segist hvorki ætla að sækjast eftir stöðu formanns né varaformanns Framsóknarflokksins þegar kosid verður í embættin í ágúst. Enn fremur mun hún, sem utanríkisráðherra, ekki leiða varnarviðræður Íslendinga við Bandaríkjamenn heldur láta Geir H. Haarde, verðandi forsætisráðherra, það eftir. „Ég fann það núna þegar það var orðið opinbert að ég væri að fara í utanríkisráðuneytið að það var spurning uppi hvort ég væri á leið í formannskjörið. Ég vildi bara taka af öll tvímæli um það,“ segir Valgerður, sem viðurkennir þó að hún hafi íhugað formanns-

framboð eftir að það var nefnt við hana af liðsmönnum flokksins. „Ég tel bara að ég hafi nóg á minni könnu. Ég er að taka við utanríkisráðuneytinu, sem er mjög krefjandi og er í pólitískri forystu í mínu kjördæmi sem ég vil halda eftir næstu kosningar.“ Valgerður segist ekki hafa myndað sér skoðun á því hvern hún vilji sjá í formannsstóli flokksins. Um viðræðurnar við Bandaríkjamenn segir Valgerður sig hafa talið þetta vera best fyrir landið. „Utanríkisráðherra, Geir H. Haarde, hefur leitt þær viðræður formlega og ég taldi miklu betra að það væri samfella í þeim þannig að hann leiddi þær áfram. Mér sýnist við vera úti í miðri á eins og staðan er í dag.“ - sh



VALGERÐUR SVÆRISDÓTTIR Valgerður segist hafa nóg á sinni könnu og mun því ekki sækjast eftir formannsstóli Framsóknarflokksins.

Komnir í loftið

ATLANTSSKIP
-FLYTJA VÖRUR-

591 3000



Öflugur sportjeppi

KIA Sportage dísil 140 hestöfl 2.790.000 kr.



KIA Sportage er með nýrri og byltingakenndri 2ja lítra dísilvél sem skilar 140 hestöflum. Vélin er einstaklega umhverfisvæn, hljóðlát og eyðslugrönn.

26.890 kr. á mánuði*

Taktu þátt í HM leik KIA og þú átt möguleika á frábærri ferð fyrir tvo á úrslitaleik HM í sumar. Allir sem kaupa KIA bíl hjá KIA umboðinu til 15. júní eiga möguleika á þessari frábæru ferð.

KIA umboðið er eini viðurkenndi sölu- og þjónustuaðili KIA á Íslandi. 3 ára ábyrgð.

*M.v. 30% útborgun og 84 mán. bílasamning hjá SP fjármögnun með blandaðri myntkörfu.



KIA Sportage er sigurvegari í sínum flokki, samkvæmt nýrri gæðakönnun hins virta alþjóðlega rannsóknarfyrirtækis JD Power. Könnunin náði til 115 þúsund bíleigenda í Bandaríkjunum.



KIA MOTORS



KIA umboðið á Íslandi er í eigu Heklu hf.

Laugavegi 172 • Reykjavík • sími 590 5700



Við

ætlum að sjá um öll þægindi heimilisins

Hjá Mömmu er vöruframboðið einfalt. Hjá Mömmu bjóðast bestu kjörin og starfsfólk Mömmu kemur heim til þín, tengir, stillir og gerir það sem þarf að gera svo þú getir notið **sjónvarpsins, símtalsins, internetsins** og **öryggisins**.



Þegar framboðið af **sjónvarpi, síma, interneti** og **heimavörn** er orðið umfangsmikið og flókið er gott að geta leitað til Mömmu.

Af því að Mamma einfaldar málið og býður þér bestu kjörin.

Mamma.is



KJÖRKASSINN

Ertu sátt(ur) við nýja ríkisstjórn Geirs Haarde?

Já	32,8%
Nei	67,2%

SPURNING DAGSINS Í DAG

Munu Íslendingar vinna sigur á Svíum á heimavelli?

Segðu þína skoðun á visir.is

Forsetinn beitir sér fyrir samræðum áhrifafólks, vísindamanna og sérfræðinga:

Hlýnun jarðar í brennidepli

UMHVERFISMÁL Forseti Íslands, Ólafur Ragnar Grímsson, kynnti í gær alþjóðlegt Samráðsþing um loftslagsbreytingar sem hefst á Nordica hóteli í dag en 200 fulltrúar um hundrað stórfyrirtækja, háskóla og vísindastofnanna víða að úr veröldinni sækja þingið. Markmið þess er að ná samstöðu um hvaða leiðir séu vænlegar til að mæta orkuþörf framtíðar án þess að lifrifi jarðar eða loftslagi sé ógnað.

Forsetinn hefur undanfarið beitt sér fyrir samræðum áhrifafólks, vísindamanna og sérfræðinga í loftslagsbreytingum og leggur áherslu á fimm þætti í glímunni við hlýnun jarðar.



Á **BLAÐAMANNAFUNDI** Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands, kynnti á blaðamannafundi samráðsþing um loftslagsbreytingar sem hefst í dag.

FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

Í fyrsta lagi er það samráðsþingið sem áður var nefnt. Í öðru lagi fyrirlestraröðin Nýir straumar sem

forsetinn stofnaði til fyrr á þessu ári. Í þriðja lagi býður forsetinn til Íslands í haust hópi ungra leiðtoga á alþjóðavettvangi úr ýmsum geirum samfélagsins en þá verður efnt til samráðsfundar um orkugjafa framtíðar.

Í fjórða lagi mun Ólafur Ragnar beita sér fyrir því að koma á viðtækri samvinnu milli íslenska vísindasamfélagsins og ýmissa virtustu háskóla veraldar. Í fimmta lagi hefur Rannsóknarþing norðursins fjallað ítarlega um breytingar á umhverfi og loftslagi á norðurslóðum en þingið var stofnað árið 2000 á grundvelli tillagna frá Ólafi Ragnari.

- sgi

Al-Kaída í Írak:

Hótar stórfelldum árásum

EGYPTALAND, AP Meðlimir al-Kaída hryðjuverkanetsins hóta stórfelldum árásum í Írak og segja netið enn afar völdugt, þrátt fyrir lát foringjans, Abu Musab al-Zarqawi, í síðustu viku. Þetta kom fram á heimasíðu herskárra múslima í gær.

Arftaki al-Zarqawi var ekki nefndur en fram kom að meðlimir al-Kaída í Írak hefðu endurnýjað bandalag sitt við Osama bin Laden.

Talsmenn Bandaríkjahers hafa orðið tvísaga um dauða al-Zarqawi og hefur vitni gefið sig fram sem segir hermenn hafa barið hann til bana.

- smk



Skordýr í Elliðaárdal

Orkuveitan efnir til göngu- og fræðsluferðar í Elliðaárdal undir leiðsögn Guðmundar Halldórssonar, skordýrafræðings, þriðjudagskvöldið 13. júní kl. 19.30.

Gengið verður um dalinn og hugað að þeim smádýrum sem þar búa. Þátttakendur eru hvattir til að hafa með sér stækkunargler. Gangan hefst við Minjasafn Orkuveitu Reykjavíkur.

www.or.is



Faðir ákærða líkir lögreglunni við bófa

Uni Pétursson er ósáttur við lögregluna á Hofsi. Lögreglan hafi ekki haft leyfi til að taka ákveðna hluti við húsleit. Lögreglan segir málið vera í rannsókn.

SAKAMÁL Uni Pétursson, faðir mannsins sem ákærður er fyrir undanskot eigna á Hofsi, er mjög ósáttur við vinnubrögð lögreglu. Maðurinn var ákærður á dögnum fyrir að fjarlægja hluti, þar á meðal vél, úr báti í sinni vörslu sem átti að fara á uppboð hjá lögreglu. Í kjölfarið gerði lögreglan húsleit hjá mannum þegar hann var fjarverandi, braut upp hurð og tók í vörslu sína ýmsa hluti sem voru taldir varða málið.

Uni segir lögreglumennina fingralanga og segir þá hafa tekið hluti sem varða málið ekki á nokkurn hátt, þar með talið þrjá snjósléða, jeppa og kerrur. Einnig sakar hann lögregluna um að hafa farið í bát bróður ákærða og tekið þaðan dýptarmæli og ferilrita. Hafa feðgarnir íhugað að leita réttar síns í málinu, enda telja þeir lögreglu hafa tekið eignir þeirra ófrjálsri hendi og ákærði sé búinn að greiða að fullu þær vangoldnu upphæðir sem leiddu til þess að bátinn átti að setja á uppboð.

Lögreglan á Sauðárkróki segir málið vera í rannsókn og verið sé að skera úr um hvort hlutirnir sem teknir voru varði málið. Að sögn Björns Mikaelssonar yfirlögregluþjóns verður þeim umsvifalaust skilad varði þeir ekki málið og hafi



FRÁ HOFSI Málið er í rannsókn og skýrist von bráðar, segir lögreglan á Hofsi.

lögreglan haft fulla heimild til að leggja hald á þá. Bátinn átti að bjóða upp vegna vangoldinna greiðslna og er ákærði sakaður um undanskot þeirra muna sem átti að bjóða upp, enda báturinn nær beinagrind án þeirra. Því sé eðlilegt að ákæra hann, jafnvel þó

að búið sé að greiða þær upphæðir sem hann skuldaði. Kæran er yfirgripsmikil og varðar ekki einungis bátinn, heldur einnig aðrar eignir úr þrotabúi, að sögn Björns, og það sé dómstóla að skera úr um það ef ákærði telji lögreglu hafa brotið af sér.

- sgi

Hagstofan birtir nýjar verðbólgutölur í dag:

Mun hafa lítil áhrif

EFNAHAGSMÁL Hagstofa Íslands birtir verðbólgutölur í dag. Greiningardeild KB banka spáir 0,8 pró-

senta hækkun á vísitölu neysluverðs í júní, sem jafngildir 7,7 prósentu verðbólgu á tólf mánaða tímabili.

Gylfi Arnbjörnsson, framkvæmdastjóri ASÍ, segir tölurnar sennilega munu vera í samræmi við spár sambandsins og þess vegna ólíklegt að þær hafi áhrif á kjaraviðræður þess við stjórnvöld. Von er á formlegum viðbrögðum stjórnvalda við tillögum forystu ASÍ á morgun. Gylfi segir þó ólíklegt að niðurstaða fái sér fyrst en í fyrsta lagi í lok vikunnar.

Vilhjálmur Egilsson, framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins, segist ekki eiga von á neinu góðu þegar tölur Hagstofunnar verði birtar. Aðilar vinnumarkaðarins munu halda áfram kjaraviðræðum sama hvað þær tölur sýna.

Greiningardeildin spáir því að hækkun á innfluttum varningi og hækkandi húsnæðisverð muni leggja mest til hækkunar á vísitölu. Þá verði fasteignaliðurinn drjúgur og muni leggja 0,25 til 0,3 prósentustig til hækkunar vísitölu. Gengisveiking krónunnar muni einnig hafa áhrif, þar sem aukið launaskrið hefur leitt til verðskrárhækkana á ýmiss konar þjónustu undanfarið.

- sh

Þýskir gyðingar:

Íransforseta mótmælt í HM

ÞÝSKALAND, AP Um 1.200 þýskir gyðingar og stjórnálmenn mótmæltu orðum Mahmoud Ahmadinejad Íransforseta um helför nasista í Nürnberg fyrir fótboltaleik Írans og Mexíkó í gær.

Ahmadinejad hefur hneykslað marga með því að segja að helförin sé bara þjóðsaga. Jafnframt hefur hann dregið tilverurétt Ísraelsríkis í efa.

Hann hafði gefið til kynna að hann myndi mæta á fótboltaleikinn en mætti ekki þegar til kom.

Mexíkó vann leikinn með þremur mörkum á móti einu.

- smk

Ætlan Íraka heldur áfram:

Tvö hundruð föngum sleppt

ÍRAK, AP Yfir 200 föngum var sleppt úr fangelsum í Írak í gær, en það er í samræmi við stefnu stjórnvalda þar í landi um að sleppa úr haldi þúsundum fanga sem handteknir voru í stríði.

Varaforseti Íraks, Tariq al-Hashimi, samgladdist föngum úr Abu Ghraib-fangelsinu, sem voru frelsinu fegnir,

- sgi

Félagar í Vildarþjónustu fá 50% afslátt hjá Flugfélagi Íslands

Skoðaðu sumartilboð Vildarþjónustu Sparisjóðsins á spar.is

FLUGFÉLAGIÐ





NÝIR SIÐIR Í SÖLU Á NOTUÐUM BÍLUM!

BNB sölugreining

Flest treystum við á leiðsögn annarra þegar kemur að kaupum á notuðum bíl. Við hjá Betri notuðum bílum boðum því nýja siði til að gera bílakaupin öruggari og einfaldari: BNB sölugreiningu.

Fagmenn okkar framkvæma ítarlega greiningu á öllum bílum sem koma til greina í sölu. Þeir þurfa að ganga í gegnum strangt gæðamat sem tekur m.a. mið af aldri, akstri og viðhaldsögu bílsins. Þeir sem standast kröfurnar lenda annað hvort í flokknum Úrvalsbílar eða Gæðabílar. Ef bíllinn stenst ekki kröfur okkar bjóðum við þér hann ekki.

■ Úrvalsbíll

Er í verksmiðjuábyrgð. **12 mánaða viðbótarábyrgð***:

- Ef bíllinn bilar þá sjáum við um að láta gera við hann
- Við lánum þér annan bíl á meðan
- Við tökum umframábyrgð á bremsuhlutum (sliti)
- 14 daga skiptiréttur
- Neyðarsími

■ Gæðabíll

Er ekki í verksmiðjuábyrgð. **3 mánaða viðbótarábyrgð***:

- Vélbúnaðar
- Hamlakerfis
- Rafbúnaðar
- Fjöðrunarbúnaðar
- Drifbúnaðar
- Stýrisbúnaðar

Veldu aðeins Úrvalsbíl eða Gæðabíl og við ábyrgjumst betri notaðan bíl, hvorn kostinn sem þú velur. Þú mátt treysta því.



BETRI NOTAÐIR BÍLAR **TOYOTA**

*Ábyrgðarskilmála má nálgast hjá BNB Nýbýlavegi og umboðsmönnum Toyota

LÁTTU PENINGANA VAXA

VERDTRYGGÐUR

BÚSTÓLPI

3,9% raunvextir

Taflan sýnir mögulega nafnávöxtun Bústólpa m.v. mismunandi verðbólgu

Raunvextir	Verðbólga	Nafnvextir
3,9%	7,5%	11,7%
3,9%	7,0%	11,2%
3,9%	6,5%	10,7%
3,9%	6,0%	10,1%

Verðbólga á síðustu 12 mánuðum var 7,6%. Athugið að ávöxtun í fortíð segir ekki til um ávöxtun í framtíð.

Bústólpi er verðtryggður reikningur sem ber hámarksávöxtun.
Hver innborgun er bundin í 48 mánuði en eftir þann tíma er hún laus
til úttektar í einn mánuð í senn á sex mánaða fresti.

Kynntu þér Bústólpa og aðrar góðar sparnaðarleiðir í næsta útibúi KB banka, í síma 444 7000 eða á kbbanki.is.





IG+ gjaldeyrisreikningur



Ríkulegri krónur!

DKK | Nýr gjaldeyrisreikningur SPRON ber mun hærrí vexti en sambærilegir reikningar.

Hinn nýi **IG+ gjaldeyrisreikningur SPRON** hentar vel þeim sem eiga í erlendum viðskiptum og öðrum sem vilja framúrskarandi vexti á þann gjaldeyri sem lagður er til hliðar. Reikningarnir eru bundnir til þriggja mánaða, lágmarksinnborgun er ein milljón króna.

Færð þú örugglega bestu vextina á gjaldeyrinn?

Kynntu þér málið á spron.is



Upplýsingar í næsta útibúi SPRON í síma 550 1200, 550 1400 eða á spron.is



MÓÐURTRYGGÐ Þeir eru svangir, bandarísku þratarungarnir, rétt eins og frændur þeirra hér á landi. Myndin er tekin í Iowa. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Hvatningartilboð stendur nemendum í Vinnuskóla Reykjavíkur til boða í sumar vegna fjölda verkefna:

Þeir duglegu fá að vinna viku lengur

ATVINNA Duglegum nemendum í Vinnuskóla Reykjavíkur stendur til boða að vinna viku lengur en aðrir í sumar. „Þetta er hvatningartilboð til nemenda enda er til fullt af unglungum sem vilja vinna meira og fá meiri tekjur en þeim hefur bara ekki staðið það til boða,“ segir Guðrún Þórsdóttir, skólastjóri Vinnuskólans, en hann var settur formlega á föstudag.

Guðrún sótti um þennan valkost fyrir nemendur til að koma til móts við mikið framboð á verkefnum í borginni. Í ár hafa 2.700 nemendur skráð sig í Vinnuskólann en það er talsvert minna en í fyrra þegar 3.300 nemendur voru þar við vinnu.

Guðrún segir þetta skekkja vinnuframlag Vinnuskólans töluvert. Ástæðuna fyrir því að erfiðara er að manna stöður nú en í fyrra segir Guðrún aukið framboð á vinnu hjá lágvöruslunum sem sækist eftir eldri unglungum til starfa. Til dæmis hafi þessar verslanir brugðist hratt við þegar Vinnuskólinn hækkaði laun krakkanna um tólf prósent og hækkað laun þeirra í verslunum í samræmi við það.

Kostnaður vegna umbunarvinnunnar er áætlaður um 20 milljónir króna. Þar sem í fjárhagsáætlun fyrir 2006 var gert ráð fyrir 3.300 nemendum er líklegt að mismunur í fjölda nemenda vegi inn í kostnað-



MIKIL ÞÖRF Á VINNUSKÓLANUM Um 600 færri nemendur verða við störf í Vinnuskóla Reykjavíkur í ár en í fyrra. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

inn. Vegna skorts á vinnuafl mun eitthvað draga saman í þjónustu við eldri borgara. „Borgarlandið hefur forgang,“ segir Guðrún og áréttar að ekki sé of seint fyrir unginga að sækja um starf hjá skólanum. -sgj

Björgun á Viðeyjarsundi:

Illa staðið að aðgerðum

SKÝRSLA Ekki var nægilega vel staðið að björgunaraðgerðum á Viðeyjarsundi í september, þegar skemmtibáturinn Harpa steytti á Skarfaskeri með þeim afleiðingum að tveir létust, að mati formanns rannsóknarnefndar sjóslysa, en skýrsla nefndarinnar vegna slyssins var birt nýlega. Formaðurinn telur brýnt að samræma fjar-skriptabúnað leitar-, björgunar- og stjórnumaraðila.

Í skýrslunni kemur meðal annars fram að staðsetning skipsins hafi komið fram í fyrsta símtalinu til neyðarlínunnar en ekki var tekið eftir því. -sgj

Mótmæli í Danmörku:

Lenti saman við nasista

DANMÖRK Nítján manns úr röðum vinstriinnáðra mótmælenda voru handteknir í Svendborg á Fjóni á laugardag þegar þeir reyndu að koma í veg fyrir kröfugöngu samtaka þjóðernissinna í bænum, sem hugðust krefjast þess að tveimur múslimaklerkum yrði vísað úr landi.

Samkvæmt frétt á vefsíðu Danska ríkisútvarpsins var fólkíð handtekið fyrir minniháttar skemmdarverk og var öllum sleppt eftir yfirheyrslu. -ks

Frekari stóriðja getur valdið óróa í hagkerfinu

Frekari áherslur á orkufrekan iðnað geta valdið óróleika í efnahagslífinu, að mati Gylfa Magnússonar prófessors. Engar ákvarðanir liggja fyrir ennþá. Ábyrgðarlaust að eiga í viðræðum um stóriðju, segir Steingrímur J. Sigfússon.

STÓRIÐJA Varlega þarf að fara í frekari uppbyggingu á orkufrekum iðnaði þar sem óróleiki í efnahagslífinu getur mögulega aukist í framhaldinu. Þetta segir Gylfi Magnússon, prófessor í hagfræði við Háskóla Íslands.

Greint var frá því í Fréttablaðinu á laugardaginn að rússneska fyrirtækið RusAl, sem er þriðji stærsti álframleiðandi í heiminum, ætti í viðræðum við íslensk stjórnvöld um uppsetningu álvers hér á landi sem fengi orku frá vatnsorkuveri. Þetta staðfesti Vera Kurotsjkina, upplýsingafulltrúi RusAl, í samtali við Fréttablaðið og lagði á það áherslu að viðræður við íslensk stjórnvöld myndu halda áfram, en þær hófust árið 2004.

Gylfi Magnússon segir erfitt að meta það hversu mikil áhrif það muni hafa á efnahagslífið ef ráðist verði í frekari uppbyggingu á stóriðju. „Það er ómögulegt að meta það hvaða áhrif frekari stóriðja myndi hafa á efnahagslífið, þar sem engar tímasetningar eða



VIRKJANAFRAMKVÆMDIR VIÐ KÁRAHNJÚKA Engar ákvarðanir liggja fyrir ennþá um hugsanlegt álver RusAl á Íslandi. Rússneskir fjölmíðlar hafa fjallað um það undanfarna daga að RusAl eigi í viðræðum við íslensk stjórnvöld um uppbyggingu álvers. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

ákvarðanir liggja fyrir. En að lokum færi það að miklu leyti eftir aðstæðum og hvernig orkunni fyrir álverið yrði aflað, hversu mikil áhrifin yrðu. En það er augljóslega verið að horfa langt fram í tímann þar sem virkjanaf-

kvæmdir eiga sér alltaf langan aðdraganda.“

Steingrímur J. Sigfússon, formaður Vinstrihreyfingarinnar - græns framboðs, segir íslensku ríkisstjórnina sýna mikið ábyrgðarleysi með því að slíta ekki öllum

viðræðum um frekari stóriðju. „Ég hef áður haldið því fram að íslensk stjórnvöld byðu einfaldlega öllum sem vildu að koma hingað til lands með starfsemi sína. Ríkisstjórnin segir einfaldlega því meira, því betra,“ segir Steingrímur.

Hann segir ríkisstjórnina sýna ábyrgðarleysi með því að halda áfram viðræðum við fyrirtæki um stóriðju. „Nú þegar er verið að undirbúa þrjú stór stóriðjuverkefni og það er ábyrgðarhlutur, við þær aðstæður sem hafa verið í efnahagslífinu að undanförunu, að ríkisstjórnin slíti öllum viðræðum um stóriðju. Ég tel því ríkisstjórnina hafa sýnt óskaplegt ábyrgðarleysi.“

Páll Magnússon, aðstoðarmaður Valgerðar Sværisdóttur, fráfarandi iðnaðar- og viðskiptaráðherra, sagðist í Fréttablaðinu á laugardag ekki líta svo á að formlegar viðræður á milli RusAl og íslenskra stjórnvalda hefðu farið fram. Engu hefði þó verið hafnað ennþá. magnush@frettabladid.is

Smart og létt á fæti

– heilsteypt glös á tilboðsverði

Rauðvínsglös, hvítvínsglös og björglös á tilboðsverði í júní 2006

Þórunn Kristjánsdóttir
Sölumaður hjá RV



1.924 kr.
12 stk.

Imperial 42 cl
rauðvínsglös



854 kr.
6 stk.

Maldive 36 cl
björglös



1.341 kr.
12 stk.

Imperial 19 cl
hvítvínsglös



1.579 kr.
12 stk.

Imperial 23 cl
hvítvínsglös



1.757 kr.
12 stk.

Imperial 31 cl
rauðvínsglös

Rekstrarvörur

- vinna með þér

Réttarhálsi 2 • 110 Reykjavík
Sími: 520 6666 • Fax: 520 6665
sala@rv.is • www.rv.is



ÍSLENSKAR KINDUR Útflutningur gengur vel enda hefur miklu verið til kostnaðar í markaðsstarfi og kynningu. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Útflutningur lambakjöts til Bandaríkjanna eykst:

Færeyjar eru mikilvægur markaður

LANDBÚNAÐUR Útflutningur á lambakjöti er mestur til Bandaríkjanna, Danmerkur og Færeyja en eins og fram hefur komið í blaðinu hefur hann minnkað nokkuð til Bandaríkjanna. Ástæða þess er skortur á framboði en síðustu ár hafa um hundrad tonn verið flutt út, sem jafngildir um 400 þúsund matarskömmtum sé miðað við að hver maður borði 250 grömm. Til samanburðar borðar hver Íslendingur um 24 kíló á ári af lambakjöti.

Á Íslandi er útflutningsskylda og á hverju ári er ákveðið hversu mikið eigi að flytja út af lambakjöti en það ákvarðast af

lögmálum markaðarins. Ástæða útflutningsskyldunnar er tilkomin vegna offramboðs sem við áttum við að glíma á árum áður.

Í byrjun var mikill verðmunur milli Íslands og annarra landa en það hefur breyst mikið og að sögn Össurar Lárussonar, framkvæmdastjóra Landssamtaka sauðfjárbænda, myndu Íslendingar ekki láta bjóða sér það verð sem Bandaríkjamenn þurfa að borga fyrir kjóti.

Færeyingar eru hrifnir af lambakjötinu og segir Össur að þar sé tilvalinn markaður fyrir okkur vegna nálægðar og lítills markaðskostnaðar.

Vilja takmarka ræður:

Prestur bolver borgarráði

BANDARÍKIN, AP Borgarstjórn Ontario-borgar í Kaliforníu í Bandaríkjunum vill láta setja takmörk á hvað segja má í ræðustól, eftir að prestur nokkur sagðist vera að leggja bölvun á borgarstjórnann og fjölskyldu hans.

„Þetta kom illa við mig,“ sagði John Anderson, sem situr í borgarstjórn. „Ekki svo að skilja að ádeilur á (borgarstjórnann) séu neitt til að uppeðrast yfir, en þetta fór fram úr öllu því sem getur talist til gagnrýni.“

Anderson bað því lögmann borgarinnar að stöðva fólk sem færir um viðan völl í ræðum. - smk

Varaformaður Sjálfstæðisflokksins segir ekki ósanngjarnt að umhverfisráðuneytið fari til framsóknarmanna:

Alvara í að láta samstarfið ganga upp

STÓRNMÁL „Okkur er mikil alvara í því að ríkisstjórnarsamstarfið gangi upp,“ sagði Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, varaformaður Sjálfstæðisflokksins og menntamálaráðherra, eftir stjórnarbreytingarnar í gær.

Spurð hvort sjálfstæðismenn sættu sig við að Framsókn færi með utanríkis-, viðskipta-, og umhverfisráðuneytin, þá mála-flokka sem eru sagðir verða í brennidepli fyrir næstu alþingiskosningar, svaraði hún að ekki skipti máli hvor flokkanna bæri ábyrgð á hverju ráðuneyti heldur að unnið væri að góðum málum innan þeirra. Sjálf liti hún svo á að

lykilmálin næstu þrjú árin væru efnahags-, öldrunar- og menntamál. Forsætisráðherra leiði ríkisstjórnina í efnahagsmálum almennt.

Hún segir ekki ósanngjarnt að láta umhverfisráðuneytið aftur í hendur Framsóknarflokknum þrátt fyrir innanflokksdeilur og fylgi-stap í sveitarstjórnarkosningunum: „Við sjálfstæðismenn höfum sinnt þessu þannig að við nýtum okkur ekki það að allt skuli vera með döprum hætti hjá Framsókn. Við settum fram þá kröfu á sínum tíma að fá mann í skiptum fyrir forsætisráðuneytið og því hlustum við á þá kröfu þegar hún er sett fram af hálfu framsóknarmanna.“ - gag



MENNTAMÁLARÁÐHERRA Í FJÖLMÍÐLUM Þorgerður Katrín segir lykilmálin fyrir næstu ár verða efnahags-, öldrunar- og menntamál. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL



GUÐNI ÁGÚSTSSON LANDBÚNAÐARÁÐHERRA FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

Guðni Ágústsson:

Bjartsýnn á gott gengi

Guðni Ágústsson, varaformaður Framsóknarflokksins, segist sáttur við þær breytingar sem ákveðið hefur verið að gera á ríkisstjórninni. „Ég á ekki von á því að það verði miklar breytingar á starfi ríkisstjórnarinnar, þrátt fyrir að inn í hana komi nýtt fólk.“

Aðspurður sagði Guðni mikinn feng í Jóni Sigurðssyni seðlabankastjóra, þar sem hann kæmi inn í ríkisstjórnina með reynslu sem væri dýrmæt. „Jón Sigurðsson þekkir vel til efnahagsmála og kemur eflaust með nauðsynlega varúð vegna verðbólgunnar inn í sitt ráðuneyti,“ sagði Guðni. - mh



STURLA BÖÐVARSSON Samgönguráðherra. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

Sturla Böðvarsson:

Sáttur enda það eitt í boði

STJÓRNMÁL „Það skiptir miklu máli fyrir okkur að halda traustum tókum um forsætisráðuneytið,“ sagði Sturla Böðvarsson samgönguráðherra í Valhöll í gær eftir að ráðherraskipti í ríkisstjórninni höfðu verið tilkynnt. Hann sagði annað óhjákvæmilegt.

„Þetta er samkomulag sem hefur orðið og ekki annað um það að segja,“ sagði Sturla. Sjálfur ætli hann að halda áfram í stjórn-málum. „Það er ekkert annað uppi á teningnum.“ - gag

Rekstur Byggðastofnunar:

272 milljóna króna tap

BYGGÐASTOFNUN Tap af rekstri Byggðastofnunar var 272 milljónir á síðasta ári og er það hundrað milljónum króna minna en árið 2004, samkvæmt því sem kemur fram í ársskýrslu stofnunarinnar.

Í skýrslunni kemur einnig fram að eignarfjárlutfall Byggðastofnunar hafi verið 8,2 prósent en það er 0,2 prósentustigum fyrir ofan lágmarks eignarfjárlutfall samkvæmt lögum. - eð



7. UMFERÐ | LANDBANKAÐEILD KARLA

mán. 12. júní kl. 19:15	Fylkir - Keflavík
fim. 15. júní kl. 19:15	Grindavík - Valur
fim. 15. júní kl. 19:15	ÍA - Breiðablik
fim. 15. júní kl. 19:15	FH - ÍBV
fim. 15. júní kl. 19:15	KR - Víkingur

5. UMFERÐ | LANDBANKAÐEILD KVENNA

lau. 10. júní kl. 16:00	KR - Valur
mán. 12. júní kl. 19:15	Breiðablik - Þór/KA
mið. 14. júní kl. 19:15	Keflavík - FH
mið. 14. júní kl. 19:15	Fylkir - Stjarnan

Trygguðu þér miða á betra verði á landsbankadeildin.is eða ksi.is

Landsbankinn

410 4000 | landsbanki.is



ÉG ætla að bíða

Mýpocket Productions

því ég vil ekki láta vímuefni eyðileggja öll mín framtíðarplön
 vegna þess að það er ekki hægt að spóla til baka ef illa fer
 vegna þess að hitta fólk án þess að þurfa að hugsa um lyktna út úr mér eða hvort eitthvað sjáist í augunum og svoleiðis.
 vegna þess að mig langar að vita hvernig ég virka í þessum heimi
 vegna þess að ég er á kafi í tónlist og mér finnst ekki til betri tilfinning en að syngja með öllum líkamunum og finna fyrir hverri frumu, ef þið skiljið
 vegna þess að mig langar til að lifa he
 vegna þess að ég er ástfangin
 vegna þess að ég vil helst ekki missa af henni
 vegna þess að þvi sem ég verð, kannski alla ævi
 þvi næstu ár gera mig að þvi sem ég verð, kannski alla ævi
 þvi næstast í eitthvað annað en stífa mig
 bara vegna þess að þannig get ég alltaf vitað hvað er að gerast og hverjir eru vinir mínir
 þvi ég vil læra á sjálfa mig og geta sent öðrum rétt skilaboð, sérstaklega strákum auðvita
 þvi ég vil læra á sjálfa mig og geta sent öðrum rétt skilaboð, sérstaklega strákum auðvita
 vegna þess að þetta er minn sáttur og ég er að fá sjálfan mig fyrst
 vegna þess að þetta er minn sáttur og ég er að fá sjálfan mig fyrst
 af því að ég vil geta sagt satt og sleppa þessum einhvern og þvi er ég að verða besta mögulega útgáfan af mér
 vegna þess að þetta er minn sáttur og ég er að fá sjálfan mig fyrst
 vegna þess að þetta er minn sáttur og ég er að fá sjálfan mig fyrst
 út af því að ég er alltaf að taka myndir og finnst það bara málið
 vegna þess að vinur bróður míns dó út af töflum sem hann tók og hann var samt nýbúinn að segja mér að hann væri með allt á hrei
 maður þarf að hafa á hreinu hvað maður er að gera til að geta nert það betur næst
 af því að það er nógu flókið að vera unglingur þó maður bæti ekki ruglinu við líka
 vegna þess að árin fram að tvtugu er maður í bakaraðfninum og eins gott að taka ekki sénsinn á að opna of snemma þvi þá gæti allt farið
 af því að ég ætla að kynnast mér eins og ég er
 þvi ég er of upptekin við að skrifa bloggíð m
 þvi ég er of upptekin við að skrifa bloggíð m




(1) Pedersen W. (1998). Fra pils til ecstasy: Debut og stadier i rusmiddelbruk. Bergen: HEMIL-Sentret.
 (2) Grant, B.F. & Dawson D.A. (1998). Journal of Substance Abuse, January 1998. pils til ecstasy: Debut og stadier i rusmiddelbruk. Bergen: HEMIL-Sentret, 1998.
 (3) Pedersen W.: Ungdom, livsstil og rusmidler 1987-1998.

Mikið í húfi!

Rannsóknir hafa leitt í ljós að upphafsaldur áfengisneyslu hefur mikil áhrif á notkun og misnotkun áfengis síðar á ævinni. Því yngri sem börnin eru þegar þau byrja að neyta áfengis þeim mun meira drekka þau síðar á ævinni og líkur á misnotkun aukast.

Lægri byrjunaraldur - meiri heildarneysla



Dæmi 1

19 ára ungmenni sem byrja að drekka 13 ára drekka næstum tvöfalt meira en þau sem byrja að neyta áfengis 17 ára gömul. (1)

Dæmi 2

Líkur á misnotkun áfengis á fullorðinsaldri eru 40% hjá unglingum sem byrja að neyta áfengis 15 ára, 25% hjá þeim sem byrja 17 ára og 10% hjá þeim sem byrja eftir títugt. (2)

Dæmi 3

Viðhorf foreldra til upphafsaldurs áfengisneyslu hafa mikil áhrif á neyslu barna. Börn og ungmenni foreldra sem veita börnum sínum oft áfengi drekka um það bil þrefalt meira en börn sem fá aldrei áfengi hjá foreldrum sínum. (3)




ÉG ætla að biða er landsverkefni í fovörnum sem varð til í samstarfi fjölmargra félagsamtaka sem stóðu að Vímuvarnavíku 2005.

Vímuvarnavíkan var í umsjá Samstarfs um forvarnir, en þau samtök sem komu að undirbúningi og framkvæmd vikunnar voru:

Bandalag Ísl. skáta, Brautin – bindindisfélag ökumanna, Félag Íslenskra æskulýðs- og tólmundafulltrúa, FRÆ, Heimili og skóli, IOGT-bindindssamtökin, Íþrótt- og Ólympíusamband Íslands, ÍUT-forvarnir, KFUM-K, Krabbameinsfélag Rvíkur, Kvenfélagsamband Íslands, Lionshreyfingin (Lions-Quest), SAMFÉS, Samtök skólamaða um bindindisfræðslu, Ungmennafélag Íslands og Vímulaus æska/Foreldrahús.

Eftirtaldir aðilar styrkja birtingu þessarar auglýsingar



Reykjavík
Eignamiðlunin ehf
Félagsbústaðir hf
Fjölbrotaskólinn við Ármúla
Fónix ehf, heimilistækjaverslu,
G Hannesson ehf
Grásteinn ehf
Hagaskóli
HGK ehf
Internet á Íslandi hf, ISNIC
Íþróttafélagið Fylkir
Kjarni.is
Lindín, kristið útvarp FM 102
Menntaskólinn við Hamrahlíð
Menntaskólinn við Sund
Neytendastofa
Rafteikning hf
Reykjavíkprófestsdæmi eystra
Rolf Johansen & Co ehf
Securitas hf
SIBS
Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins bs

SORPA, Gufunesi
Stilling ehf
Verðbréfaskráning Íslands hf
Verzlunarmannafélag Reykjavíkur
VSÓ Ráðgjöf ehf

Kópavogur
Bifreiðaverkstæðið Toppur ehf
Borgargarðar ehf
- skráðgarðabjónusta
Borgarvirki ehf
Brostu tannlæknastofa Páls
Héllur og garðar ehf
Íslandsspil sf
Kópavogsbær

Garðabær
Íslenska félagið ehf

Hafnarfjörður
Glerborg hf
Ísrör ehf

Knattspyrnufélagið Haukar
Lifandi vísindi
Nýsir hf

Keflavík
Bakkavör Group hf
Reykjanesbær
Sýslumaðurinn í Keflavík
Verslunarmannafélag Suðurnesja

Grindavík
Grindavíkkaupstaður
Sparisjóður Keflavíkur, Grindavík
Útgerðarfélagið Einhamar ehf
Þorbjörn Fiskanes hf

Garður
Sveitarfélagið Garður

Njarðvík
Hitaveita Suðurnesja

Mosfellsbær
Aftak ehf

Akranes
GT Tækni ehf
Íþróttabandalag Akraness
Markstofa ehf
Verkalýðsfélag Akraness,
www.akranes.sgs.is

Reykholt
S.S.B.N.S. - bygðasamlag

Stykkishólmur
Rauði kross Íslands
Stykkishólmsdeild

Snæfellsbær
Þorgeir Arnason ehf

Búðardalur
Sýslumaðurinn í Búðardal

Ísafjörður
Ísafjarðarbær
Orkuú Vestfjarða hf

Bolungarvík
Bolungarvíkkaupstaður
Sýslumaðurinn í Bolungarvík

Súðavík
Súðavíkurhreppur

Suðureyri
Fiskvinnslan Íslandssaga hf

Norðurfjörður
Árneshreppur

Hvammstangi
Stýrihöpur um forvarnir
Húnaþing vestra

Sauðárkrúkur
Kaupfélag Skagfirðinga

Siglufjörður
Siglufjarðarkaupstaður

Seyðisfjörður
Seyðisfjarðarkaupstaður

Hveragerði
Aðalsalan - Reikningskil

Laugarvatn
Menntaskólinn að Laugarvatni

„ORÐRÉTT“

Skyldurækin ráðherra
„Menn eiga að gera skyldu sína.“

JÓN SIGURÐSSON, VERÐANDI IÐNADARRÁÐHERRA, ÞEGAR HANN VAR SPURÐUR UM ÁSTÆÐUR ÞESS AÐ HANN TEKUR SÆTI Í STJÓRNINI. FRÉTTABLAÐIÐ 11. JÚNÍ

Útherjinn og umbinn við imbann

„Við erum núna staddir hér á Íslandi og ætlum okkur að slaka á og og fylgjast með heimsmeistarakeppninni.“

ARNÓR GUÐJOHNSEN, UMBODSMAÐUR OG FAÐIR EIDS SMÁRA, SEM ER NÚ ORÐAÐUR VIÐ BARCELONA. FRÉTTABLAÐIÐ 11. JÚNÍ

nær og fjær tilveran

SJÓNARHÓLL NÝ SKIPAN Í RÍKISSTJÓRN



ELLEN KRISTJÁNSDÓTTIR

Hefði viljað kosningar

„Mér finnst að það hefði átt að kjósa aftur,“ segir Ellen Kristjánsdóttir söngkona um hræringarnar innan ríkisstjórnarinnar eftir afsögn Halldórs Ásgrímssonar forsætisráðherra. „Þetta er orðið hálf undarlegt þegar skiptingarnar eru svona örur. Þetta lyktaf af baráttu um eigin hagsmuni frekar en málefni. En úr því sem komið er verður maður að hugsa jákvætt til þeirra sem koma þarna fersk inn og trúna því að þau séu heil í því sem þau eru að gera.“

En virkjunarmálin eru mér náttúrulega ofarlega í huga og því lagði ég við hlustir þegar Jón Sigurðsson, nýr iðnaðarráðherra, var inntur eftir því hvað hann hygðist gera og hann virðist ætla að halda sömu stefnu. Þó gaf það mér nokkra von þegar hann lét í veðri vaka að hann væri til í að endurskoða stefnuna ef honum sýndist þörf vera á því.

En það er ekki laust við það að ég hafi nokkrar áhyggjur af þessu þjóðfélagi. Mér finnst við vera að fara of geyst inn í auðhyggjuna. Við höfum gengið langt í stóriðju og einkavæðingu en svo er fullt af fólki sem hefur það nokkuð skítt. Hvað með fólkið sem ól okkur upp; gamla fólkið? Ekki er ástandið gott hjá því. Og hvað með unga fólkið sem erfir landið?

Nei, ég held það sé kominn tími til að við förum að hægja aðeins á og huga að því sem mestu máli skiptir.“

HVAÐ ER AÐ FRÉTTA? SUNNA EINARSDÓTTIR FERÐAFRÖMUÐUR OG FISKVERKUNARKONA

Bókhald fyrir hádegi og vinna á eftir

„Það er alveg nóg að gera,“ sagði Sunna Einarsdóttir, ferðafrömuður og fiskverkunarkona frá Drangnesi, sem gaf sér stundarfri frá akstri í Borgarfirði til að ræða við blaðamann. „Nú er ég á leiðinni suður með dóttur mína til að kaupa útskriftaröt en hún er að útskrifast frá Menntaskólanum á Akureyri. Svo fer ég til Drangness á þriðjudag og svo til Akureyrar á fimmtudag þannig að það er í nógu að snúast.“

En það er einnig nóg að gera í ferðamennskunni. „Við hjónin vorum að breyta hálfum kjallaranum í íbúð sem við munum leigja út en ferðamannastraumurinn er að aukast á Ströndum þannig að við Drangnesingar verðum að taka við okkur. Einnig segja þeir að þeim mun meira sem framboðið sé, þeim mun meiri sé eftirspurnin í þessum geira. Við vorum að opna í byrjun mánaðarins og það

er strax komin smá hreyfing á þetta en góðir hlutir gerast hægt. Ef þetta fer vel munum við svo breyta öðrum hluta bílskúrsins í íbúð en við eigum tvöfaldan bílskúr. Eitthvað verðum við að gera við allt þetta rými sem við höfum eftir að börnin tvö flugu úr hreiðrinu.“

Eiginmaður Sunnu er Halldór Höskuldsson, sjómaður á Grímsey ST 2 sem er dagróðrabátur. Sunna vinnur einnig við sjávarútveg en hún starfar hjá fiskvinnslunni Drangi. „Ég sé um bókhaldið fyrir hádegi og svo er ég í verkuninni eftir hádegi eða eins og stóllur mínar segja þá sé ég um bókhald fyrir hádegi og vinn eftir hádegi,“ segir Sunnar og hlær við.

„Svo er nóg um að vera á Drangnesi,“ bætir hún við. „Um helgina voru ung hjón að gifta sig og var mikið um dýrðir. Þá var hátíðarblær yfir öllu þorpínu.“



GEIR BJARNASON FORVARNARFULTRÚI HAFNARFJARÐAR. Geir telur mikilvægt að virkja foreldra og segir að þeim sé ekki sama hvað sé að gerast í hverfunum.

FRÉTTABLAÐIÐ/GUNNAR

Lykilorðið er samvinna

Hafnafirðingar hafa að undanförunni vakið athygli fyrir vasklega framgöngu í forvörnum fyrir börn og unglinga. Árangurinn hefur ekki látið á sér standa en eftir fjögurra ára starf standa hafnafirskir unglingar nú vel að vígi gagnvart jafnöldrum sínum annars staðar.

„Lykilorðið okkar í öllu okkar starfi er samvinna,“ segir Geir Bjarnason, forvarnarfulltrúi Hafnarfjarðarbæjar. Þar vísar

hann til samráðshópa sem settir voru á laggirnar með fólki sem var að vinna með börnunum. Þar voru málin rædd og reynt að finna



UNGLINGAR Í VINNUSKÓLANUM Sumarið er mikill áhættutími fyrir unglinga og vill Geir aukið samstarf við Vinnuskólann.

FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

út hvað væri hægt að gera betur. Þegar einhver vandamál komu upp í hverfunum fóru hóparnir af stað og reyndu að fá foreldra í lið með sér til þess að gera breytingar.

Foreldrarölt hefur einmitt verið mikilvægur þáttur í forvörnum Hafnafirðinga en þá taka nokkrir foreldrar sig til og labba um hverfin og spjalla við unglingana. Þetta hefur að sögn Geirs gefist mjög vel og hjálpað til við að brúa bilið á milli unglinganna og foreldranna.

Samstarf við lögreglu er einn af lykilorðum forvarnarstarfsins að sögn Geirs. „Þau gátu gert ýmislegt, sex, sjö sinnum áður en farið var að gera eitthvað. Þeir sneru þessu við og fóru að vinna með foreldrum við að gera málið sýnilegra.“

„Við teljum okkur eiga mikið inni því að bærinn eyðir tugum milljóna króna í að niðurgreiða gjöld fyrir krakka í íþrótt- og

æskulýðsstarfi,“ segir Geir. Börn yngri en tíu ára fá gjöldin greidd og um næstu áramót verður aldurrinn hækkaður upp í tólf ár. Þáttakendum í þessu aldursþópi hefur fjölgað um helming og er stefnan fyrir næstu tvö árin að allir undir sextán ára aldri geti nýtt sér þessa þjónustu.

Geir segir yfirvöld einnig standa fyrir átaksverkefnum. Eitt þeirra var að koma í veg fyrir að unglingar söfnuðust saman niðri í bæ á gamlárskvöld. Það hefur tekist vel og nú sjást fáir á ferli en fyrir nokkrum árum voru hundruð unglinga saman komin á þessu kvöldi.

Annað átaksverkefni er að reyna að koma í veg fyrir að unglingar kaupri tóbak með því að senda unglinga undir átján ára aldri á sölustaði í bænum. Nú selja um þrjátíu prósent unglingum tóbak en fyrir nokkrum árum voru það um sextíu prósent.

gudrun@frettabladid.is

Bílddælingar njóta góðs af hafrannsóknarverkefni í Arnarfirði:

Bæjarbúar fá eldisfisk í soðið

Bílddælingar njóta góðs af hafrannsóknarverkefni sem unnið er að í Arnarfirði. Verkefnið byggist meðal annars á því að þorskurinn er alinn á loðnu á miðjum firði svo hann fari ekki í fjarðarbotninn og leggi sér rækjuna til munns sem þar heldur til en heldur hefur henni fækkað undanfarin ár. Þorskurinn er orðinn svo gæfur að þeir sem gefa honum loðnu í svanginn geta hæglega klappað honum. En hann ætti ekki að treysta mannskepnunni um of því hann er settur í kviar þegar kominn er í sláturstærð. Jón Þórðarson, sem vinnur að verkefninu

með hafrannsóknarmönnum, hefur svo boðið Bílddælingum þennan hjarðfisk í soðið.

„Hann hefur oft sett kar á planið með þeim skilaboðum að bæjarbúar geti fengið sér í soðið,“ segir Hannes Friðriksson, eigandi veitingahússins Vegamóta á Bíldudal, en hann bauð blaðamanni í eldisfisk. „Þorskurinn er þybbinn og samanrekinn og alveg sérstaklega bragðgóður eins og gengur og gerist með sjávargullið úr Arnarfirði,“ segir Hannes meðan hann handleikur flakið.

Hannes er ekki einungis veitingamaður heldur var hann einnig

iðinn við leiklistina á Bíldudal. Nú hefur verið stofnaður styrktarsjóður fyrir unga Bílddælinga sem huga á listnámi en sjóðurinn ber heitið Hannesörnágúst eftir þeim Hannesi, Erni og Ágústi Gíslasonum sem allir voru ötulir leikarar með leikfélaginu Baldri á Bíldudal.

HANNES FRÍDRÍKSSON Veitingamaðurinn var eins og aðrir bæjarbúar á Bíldudal hrifinn af eldisfisknum sem hann fékk. Fiskurinn er þybbinn og þéttur og hreint Arnarfjarðarkonfekt, eins og Hannes segir sjálfur. FRÉTTABLAÐIÐ/JÓN SIGURÐUR



**allt
ferðir**
Alla miðvikudaga
og laugardaga



Lindaskart (*Pohlia wahlenbergii*)

Leiðin að öruggri ávöxtun

Nýr flokkur óverðtryggðra ríkisbréfa til tveggja ára

Nú hefur ríkissjóður gefið út nýjan flokk ríkisbréfa til tveggja ára.

Útgáfan markar upphaf nýs útgáfufyrirkomulags ríkisbréfa sem miðar að því að bæta vaxtamyndun á innlendum skuldabréfamarkaði með því að brúa bilið á milli skammtíma- og langtíma vaxta. Framvegis verða gefnir út nýir flokkar ríkisbréfa á sex mánaða fresti og munu ríkisbréfin gegna mikilvægu verðmyndandi hlutverki á markaði. Fjárfestar munu geta notað tveggja ára ríkisbréf til að auka enn frekar fjölbreytni í eignasófnum sínum sem jafnar sveiflur í ávöxtun.

Nýr flokkur ríkisbréfa verður tekinn á skrá Kauphallar Íslands og verður viðskiptavakt með flokkinn í höndum aðalmiðlara ríkisbréfa sem mun tryggja seljanleika á eftirmarkaði. Ríkisbréfin bera auðkennið RIKB 08 0613, eru óverðtryggð og bera 9,50% ársvexti sem greiðast eftir á, einu sinni á ári. Ávöxtunarkrafan ræðst í útboði.

Sölufrýrkomulag:

Fyrsta útboð ríkisbréfa til tveggja ára verður haldið miðvikudaginn 14. júní kl. 14:00. Aðalmiðlarar ríkisverðbréfa hafa einir heimild til að leggja fram tilboð í útboðum en þeir annast miðlun fyrir fjárfesta. Frekari gögn er hægt að nálgast í afgreiðslu og á heimasíðu Lánasýslu ríkisins, www.lanasysla.is



LÁNASÝSLA
RÍKISINS


Borgartún 21, 150 Reykjavík • Sími 540 7500,
Fax 562 6068 • www.lanasysla.is

Aðalmiðlarar með ríkisverðbréf eru:

Glitnir
KB Banki
Landsbanki Íslands
MP Fjárfestingarbanki
Straumur-Burðarás Fjárfestingarbanki

Svona erum við

> Gestir listasafna á höfuðborgarsvæðinu



Heimild: Hagstofa Íslands

baksvið

fréttir og fróðleikur

SPURT & SVARAD

RÁÐHERRAR UTAN ÞINGS

Hefur verið notað í neyð

Jón Sigurðsson seðlabankastjóri tekur sæti iðnaðar- og viðskiptaráðherra í stjórn Geirs H. Haarde, þrátt fyrir að sitja ekki á þingi. Guðni Th. Jóhannesson sagnfræðingur segir þetta vera sjaldgæfa skipan mála.

GUÐNI TH. JÓHANNES-
ESSON SAGNFRÆÐ-
INGUR

Er það algengt að ráðherrar sitji ekki á þingi?

Nei, það er ekki algengt. Ólafur Ragnar Grímsson var fjármálaráðherra utan þings frá 1988 til 1991. Öll „utanþingsstjórnin“ frá 1942-44 var svo náttúrulega utan þings. Svo hafa einnig verið nokkur önnur tilfelli.

Hefur það reynst vel að ráðherrar sitji utan þings?

Þetta hefur talist til undantekninga. „Utanþingsstjórnin“ var neyðarúrræði og ekki hefur verið gripið til þess aftur þó að litlu hafi munað bæði 1979 og 1980. Ég tel að almenna reglan hafi gefist vel, að ráðherrar komi úr röðum þingmanna. Ólafur Ragnar var þingmaður fyrir og eftir að hann var ráðherra, en einmitt þegar Alþýðubandalagið komst í stjórn 1988 hafði hann fallið af þingi. Það hefur því líklega ekki breytt miklu hvort hann var þingmaður eða ekki.

FBL GREINING: MEINTIR FANGAFLUTNINGAR BANDARÍSKU LEYNIÞJÓNUSTUNNAR

Leynifangelsi og leyniflug

Svissneski þingmaðurinn Dick Marty, sem stýrði rannsókn á vegum Evrópuráðsins á áskönum um meint leyniflug og leynifangelsi á vegum bandarísku leyniþjónustunnar, CIA, í Evrópu, sagðist í síðustu viku hafa orðið þess vísari að stjórnvöld í fjórtán Evrópulöndum hefðu verið í vitorði með hinum bandarísku útsendum. Nefndi hann sérstaklega Pólland og Rúmeníu í þessu sambandi er hann kynnti niðurstöður rannsóknarinnar. Stjórnvöld margra landanna hafa borið af sér áskanir Marty og Bandaríkjamenn hafa viðurkennt að hafa sótt menn grunaða um hryðjuverk til annarra landa, en neita að hafa sent þá til þriðja lands til að sæta pyntingum. Bandaríkstjórn hefur hvorki viðurkennt né neitað tilvist leynifangelsanna.

Hver eru löndin?

Marty sakaði yfirvöld í fjórtán löndum um að



vera í vitorði með leyniþjónustu Bandaríkjanna varðandi ólöglegan flutning fólks milli landa. Þau eru Bretland, Þýskaland, Ítalía, Svíþjóð, Bosnía, Makedónía, Tyrkland, Spánn, Kýpur, Írland, Grikkland, Portúgal, Rúmenía og Pólland.

Hvers vegna að flytja fanga milli landa?


Bandarísk lög um meðferð á fögum gilda ekki í öðrum löndum. Fyrirverandi fangar hafa sagt CIA hafa notfært sér það, og hafi þeir sætt pyntingum af hálfu CIA í löndum þar sem þeir hafi ekki haft

þau réttindi og lagalega vernd sem þeim bæri sætu þeir í fangelsi á bandarískri grund.

Hvers vegna fór Marty að rannsaka málið?

Fréttir af leynifangelsum CIA í Austur-Evrópu, Taílandi og Afganistan voru fyrst birtar í bandaríska blaðinu Washington Post í nóvember 2005. Blaðið sagði þessi leynifangelsi hafa verið sett upp í kjölfar hryðjuverkaárásanna á Bandaríkin árið 2001 og kom fram í fréttinni að um 30 manns sætu enn í þessum fangelsum. Síðan þá hafa minnst 70 manns verið framseldir til yfirvalda í Egyptalandi, Jórdaníu, Marokkó, Afganistan og annarra landa, samkvæmt síðari fréttum blaðsins. Eftir að fréttin birtist fyrst í Washington Post fóru evrópskir fjölmiðlar og yfirvöld að rannsaka málið og uppgötvuðu að flugvélar í erindagjörðum fyrir CIA hefðu flogið yfir þúsund sinnum um lofthegi Evrópuríkja frá árinu 2001.

Stærsta vatnsaflsvirkjun heims



Til Sölu

Smáauglýsingar af öllum gerðum.
Allar mjög sjáanlegar og í góðu ástandi
Uppl. í s. 550 5000

FRÉTTABLAÐIÐ

– smáauglýsingar sem allir sjá



SPRENGT Í LOFT UPP Kínverjar hleyptu vatni á stærstu stíflu heims á þriðjudag, með því að sprengja í loft upp tímabundna stíflugarða í Yangtze ánni sem notaðir voru meðan á smíði stíflunnar gríðarlegu stóð.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Xichang starfar sem prófessor hjá Vatnalíffræðistofnuninni í Kína.

Smíði Þriggja gljúfra stíflunnar hófst árið 1993 og var hún tilbúin í síðasta mánuði en ekki er gert ráð fyrir að lokið verði við þann hluta hennar sem sér um raforkuvinnsluna fyrr en árið 2008.

Hönnuðir virkjunarinnar segja að hún muni að lokum geta framleitt 22,4 kílóvött af raforku, meira en nóg til þess að lýsa alla Sjanghæ á annasömum degi.

Um 190 tonn af dínamíti voru notuð til að sprengja tímabundna stíflugarðinn á þriðjudag, sem var 580 metra langur, 140 metra há og lá í um 100 metra fjarlægð frá stíflunni sjálfri.

FRÉTTABLAÐIÐ

– smáauglýsingar sem allir sjá

AFMÆLI



Margrét Ólafsdóttir leikkona er 75 ára.



Árni Steinar Jóhannsson er 53 ára.



Birgir Ármannsson pingmaður er 38 ára.

ANDLÁT

Gunnar Arnar Hilmarsson, Stórási 7, Garðabæ, lést á St. Jóséfsspítala í Hafnarfirði fimmtudaginn 8. júní.

Jóhannes Kristjánsson, Klambra-seli, lést fimmtudaginn 8. júní.

Pétur Þorbjörnsson skipstjóri, Skúlagötu 20, Reykjavík, lést á Landspítalanum Hringbraut fimmtudaginn 8. júní.

Ruth Einarasdóttir, Lönguhlíð 21, Reykjavík, lést fimmtudaginn 8. júní.

Sigurlaug Kristjánsdóttir, Tjaldanesi 3, Garðabæ, lést fimmtudaginn 8. júní.

Gunnar Knútur Proppé andaðist á Hrafnistu, Hafnarfirði, föstudaginn 9. júní.

JARÐARFARIR

13.30 **Jóhannes Jakobsson**, Gilsbakka, Eyjafjarðarsveit, verður jarðsönginn frá Grundarkirkju.

Frítt árgjald



fyrsta árið

á S24 kreditkortum



**Pú átt möguleika
á að vinna
ferðaávisun að
verðmæti
50.000 kr.**



Þér gefst kostur á hagstæðara kreditkorti en gengur og gerist á markaðnum. S24 kreditkortin bera almennt lægra árgjald og betri vexti. Þau henta einkar vel fyrir alla daglega notkun og þú greiðir engin færslugjöld.

Peir sem fá sér S24 kreditkort fyrir 10. júlí eiga möguleika á að vinna S24-MasterCard ferðaávisanir, fimm að verðmæti 10.000 og tvær að verðmæti 50.000*.

Vinningsshafarnir verða dregnir út vikulega frá 6. júní til 10. júlí.

*Gildir einnig fyrir núverandi kreditkortshafa hjá S24.

**5.000 kr.
ferðaávisun
fylgir hverju nýju
kreditkortu.**


Sæktu um kort...

WWW.s24.is





www.minnsirkus.is



SIRKUS TV

SAILESH

MÁNUDAGA KL 21:50

Dávaldurinn Sailesh hefur slegið rækilega í gegn hér á landi og uppselt hefur verið á hverja sýningu hans af annarri. Í þessum þáttum eru sýnd brot af því besta frá sýningum hans á Íslandi og líkurnar á því að þú sjáir einhvern sem þú þekkir dáleiddan eru töluverðar. Ekki missa af því!

FYLGSTU MEÐ!

Nú ná rúmlega 90% heimila landsins Sirkus TV. Sirkus er á rás 15 á ADSL, 69 á Breiðbandinu, 5 á Digital Íslandi en einnig er víða hægt að ná útsendingum stöðvarinnar með venjulegu loftneti.

STUÐ MILLI STRÍÐA: Ælan og þorskurinn

FREYR GÍGJA GUNNARSSON RIFJAR UPP GLÆSTAN SJÓMANNSFERIL.



Hetjur hafsins fögnuðu sjómannadeginum í gær. Hef alltaf borið mikla virðingu fyrir mönnum sem gera það að lífibrauði að kljást við Ægi og Kára, svo notuð séu skáldleg orð um hafið og vindinn. Sjálfur hef ég varla mikið í saltan sjó, er hálfgerður landkrabbi ef frá eru taldar nokkrar bunur með sómabát afa míns. Varð alltaf fáránlega sjóveikur og biðlaði til gamla mannsins um að hann hringdi á Landhelgisgæsluna þegar gusurnar stóðu út úr munninum, slík var sjálfsvorkunnin. Ég verð meira að segja sjóveikur í rólu.

Akraborgin fór heldur aldrei vel

í magann á mér og það eina sem ég sá jákvætt við hana voru veitingarnar og spilakassarnir. Vann reyndar einu sinni átta hundruð krónur og eyddi þeim í mat. Held að ég hafi síðan ælt matnum skömmu síðar og þar með var vinningurinn fókinn á haf út. Herjólfur tekur mig alltaf í bólinu og þær eru ekki ófár mínúturnar sem ég hef eytt fyrir framan sjónvarpið með æludallinn mér við hlið.

Sjómennskan er ekkert grín og ég get ekki ímyndað mér hvers slags hörkutól standa í brúnni á miðju Atlantshafinu eða í Smugunni og færa okkur auðinn úr hafinu. Einu sinni vann ég á höfninni í Hafnarfirði og starfið fólst í því að taka móti þessum hetjum hafsins eftir langa túra.

Stundum langaði mig til bugta mig og beygja og bjóða þá velkomna með lúðrabýtt en slíkt var ekki að finna í starfslýsingunni. Mig dreymdi alltaf um að verða þetta heljarmenni sem sjómenn eru, með sigg á höndunum, stærðarinnar vöðva á upphandleggnum, en er hálfgerð borgarbarn sem líður best á þurru landi. Er með frekar fingerða putta og bumbu af bjórdrykkju. Virðing mín fyrir þessu fólki er því ótakmörkuð. Sjómennskan er hulin einhverri rómantik, mennirnir sem átta konur í hverri höfn og sigldu á haf út um miðjar nætur eftir fjörið í borginni. Ég fæ vafalítið aldrei að kynna þessu lífi en læt mig þess í stað dreyma um pláss á stórum togara sem siglir um heimsins höf. ■

myndasögur

■ Pondus

Eftir Frode Överli



■ Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman



■ Handan við hornið

Eftir Tony Lopes



■ Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell



■ Barnalán

Eftir Kirkman/Scott




LÍTUR VEL ÚT
SANTA FE

Hyundai kynnir nýja kynslóð sportjeppa, sem færir þér það besta úr mörgum heimum. Stílhreinn fólksbíll í lúxusflokki, rúmgóður fjölskyldu- og frístundabíll eða ferðafrelsi dugmikils jeppa. Þitt er valið. Þá er Santa Fe glæsilegur fararkostur sem vekur hvarvetna eftirtekt fyrir fágaða hönnun og áræðna eiginleika. Láttu þér ekki bregða, heldur njóttu athyglinnar.



EKKI LÁTA ÞÉR BREGÐA! NÝR SANTA FE



Með bílinn handa þér

HYUNDAI hefur gæðin

Keflavík 421 4444

B&L • Grjóthálsi 1 • 110 Reykjavík • 575 1200 • www.bl.is

Akranes 431 2622

Akureyri 461 2533

Egilsstaðir 471 2524

Ástin í alls kyns tónum



Kl. 10.00
Sýning í Hafnarhúsinu á listaverkum sem voru valin vegna úthlutunar listaverka-verðlaunanna Carnegie Art Award árið 2006. Úrval norrænnar samtímalistar, þar á meðal verk eftir fjóra íslenska listamenn.

Rómantíkin mun svífa yfir vötnum á söngtónleikum í Salnum í Kópavogi annað kvöld. Yfirskrift tónleikanna er letruð með hástöfunum L'AMOUR en þar mun ungur tenórsöngvari, Þorsteinn Helgi Árbjörnsson, koma fram ásamt amerísku sópransöngkonunni Janette A. Zilioli og píanóleikaranum Aladar Rác. Þau flytja þýsk og amerísk sönglög og aríur og dúetta úr óperunum La Traviata eftir Verdi og Rómeó og Júliu eftir Gounod.

Þetta eru fyrstu tónleikar Þorsteins Helga, sem nýlega lauk námi frá Oberlin Conservatory í Ohio í Bandaríkjunum. Þorsteinn Helgi hefur tekið þátt í ýmsum óperuuppfærslum og sungið þar m.a. hlutverk Ferrando í Cosi fan tutte, Nemorino í Ástardrykkjum, Don Ottavio í Don Giovanni. Janette hefur komið fram í ýmsum óperuupp-



ALADAR RÁC PÍANÓLEIK-
ARI

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

færslum og sungið þar m.a. hlutverk Fiordiligi í Cosi fan tutte, Magda í La Rondine og Adina í Ástardrykkjum. Janette starfaði með Orlando-óperunni á árunum 2003-2005.

Aladar Rác stundaði fyrst nám í píanóleik við Georges Enescu tónlistarskólann í Búkarest en síðan framhaldsnám við Tónlistarháskólana í Búkarest og Búdapest og hefur leikið á tónleikum víðsvegar um heiminn, leikið inn á geisladiska og unnið til verðlauna fyrir píanóleik í alþjóðakeppnum, m.a. á Spáni, Ítalíu og í Tékklandi. Síðan árið 1999 hefur Aladar starfað sem tónlistarkennari við Tónlistarskóla Húsavíkur, leikið með ýmsum kórum og söngvörum á Norður- og Austurlandi og leikið með Sinfóníuhljómveit Norðurlands.

Tónleikarnir hefjast kl. 02.

> Ekki missa af...

harmskopleiknum **Alveg brilljant skilnaði** sem **Edda Björgvinsdóttir** ferðast um með þessa dagana.

myndlistarsýningu **Hlaðgerðar Björnisdóttur** í **Gallerí Turpentine** en þar gefur að líta stórar portretmyndir af börnum.

abstraktmálverkum þýska myndlistarmannsins **Rudolfs Reiter** sem eru til sýnis í **Gallerí Sævars Karls** í Bankastræti.

menning

menning@frettabladid.is

Grendel á íslensku

Bókaútgáfan Skrudda gefur út söguna af Grendel eftir John Gardner í þýðingu Þorsteins Antonssonar. Sagan af Grendel sem nú kemur í fyrsta sinn út á íslensku hefur fylgt mannfólkinu frá upphafi vega í ýmsum myndum og er líklega þekktust meðal Íslendinga sem glíma þeirra Gláms og Grettis. Í bók Johns Gardner tekur þessi saga á sig nútímalegt snið með uppgjöri óvættarins Grendels við hið síðaða mannlíf í ríki Hróðgeirs konungs. Höfundurinn



sækir efni sitt til hinnar fornu Bjölfskviðu sem nýlega hefur verið kvikmynduð. Bandaríski rithöfundurinn John Gardner skrifaði fjölmargar skáldsögur, sumar miklar að vöxtum. Einnig ritaði hann og gaf út smásagnasöfn og fræðibækur um siðfræði, sögu og bókmenntir. Gardner var kominn af velskum innflytjendum og sótti söguefni sitt sumpart í þjóðsagnararfinn sem fylgt hefur okkur Íslendingum jafn lengi og þjóðernið.

- khh



LITLA HRYLLINGSBÚÐIN

Sett upp í samstarfi við Leikfélag Akureyrar

FIM. 15. JÚNÍ KL. 19 - LAUS SÆTI
SUN. 18. JÚNÍ KL. 19 - LAUS SÆTI
FÖS. 23. JÚNÍ KL. 19 - LAUS SÆTI
LAU. 24. JÚNÍ KL. 19 - LAUS SÆTI
FIM. 29. JÚNÍ KL. 19 - LAUS SÆTI
FÖS. 30. JÚNÍ KL. 19 - LAUS SÆTI

SÍÐUSTU SÝNINGAR Í REYKJAVÍK!

„Besta söngleikjauppfærsla ársins“
S.S. - Fréttablaðið

www.opera.is | opera@opera.is | Sími: 511 4200

Miðasalan er opin alla daga nema mánudaga frá kl. 14-18 og fram að sýningu sýningardaga Símasala kl. 10-18. Þriðjudaga - föstudaga. Miðasala á Óperuvefnum allan sólarhringinn



ÍSLENSKA ÓPERAN

BORGARLEIKHÚSIÐ	
FULLKOMIÐ BRÚÐKAUP	VILTU FINNA MILLJÓN
Í kvöld kl. 20 Þri 13/6 kl. 20	Fi 15/6 kl. 20 UPPS. Su 18/6 kl. 20
FOOTLOOSE	GRÍMAN
Fim 29/6 kl. 20 Frum. Fö 30/6 kl. 20 Lau 1/7 kl. 20 Fi 6/7 kl. 20 Fö 7/7 kl. 20 Lau 8/7 kl. 20 <i>Miðasala hafin</i>	Íslensku leiklistarverðlaunin 16/6 kl. 19 Grímuballið 16/6 kl. 22 Allir velkomnir
Miðasala í síma 568 8000 - www.borgarleikhus.is	

Þjóðleikhúsið – leikhúsið þitt!

KASSINN KL. 20:00

PÉTUR GAUTUR

Fös. 23/6 nokkur sæti laus, lau. 24/6 nokkur sæti laus. Sérstakar aukasýningar í tilefni **12 tilnefninga** til **Grímunnar - Íslensku leiklistarverðlaunanna**. **Tryggðu þér sæti! Sala hafin á sýningar í september.**
Fös. 15/9 örfá sæti laus, lau. 16/9 örfá sæti laus, sun. 17/9 örfá sæti laus.

LEIKHÚSKJALLARINN

Leikhúskjallarinn - gerðu meira úr góðri kvöldstund í leikhúsinu!
Leikhúsvésla í mat og drykk fyrir sýningar um helgar frá kl. 18:00. Smáréttir og veigar eftir sýningar. Borðapantanir í síma **585 1295**.

MÍÐASALA Á NETINU ALLAN SÓLARHRINGINN - WWW.LEIKHUSID.IS
AFGREIÐSLA ER OPIN FRÁ KL. 12:30-18:00 MÁN.-ÞRI. AÐRA DAGA KL. 12:30-20:00.
MÍÐASÓLUSÍMI: 551 1200. SÍMAPANTANIR FRÁ KL. 10:00 VIRKA DAGA.

Alveg brilljant skilnaður

Einleikur **Eddu Björgvinsdóttur um allt land.**

Bió Café, Siglufirði 12. júní

Miðasala í síma 467-1111

Landsbankinn

Vískaþingur Landsbankans frá 500 króna afsítt af miðaverði

allt matur

Alla föstudaga



STEINUNN ÞÓRARINSDÓTTIR MYNDLISTARKONA Sýnir verk sem lýsa mannum í náttúrunni og mannum í samfélagi við aðra menn.

FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL

Í félagi við mannfólkið

Kunnuglegar verur hafa tekið sér tímabundna bólfestu inni við í 101 Gallery við Hverfisgötu og nokkrar þeir gæta hússins. Steinunn Þórarinsdóttir myndlistarkona sýnir mennskuna steipta í alls konar efni.

Skúlptúrarnir hennar Steinunnar mæta vegfarendum víða um borgina; í Bankastrætinu hneigja tvær verur höfuð sitt og önnur stendur í nokkurs konar tilbeiðslu á Landakotstúninu.

„Þetta eru verk frá síðustu tveimur árum,“ segir Steinunn. „Það mætti segja að sýningin skiptist í þrennt. Fyrir utan eru útverk sem eru sérstaklega gerð fyrir

galleríu. En inni er veggverkaseria sem er eins konar hugleiðing um rústir og þennan brotakennda heim sem við búum í. Síðan eru minni verk, verk í nokkrum eintökum sem lýsa ákveðnum aðstæðum,“ útskýrir listakonan. „Það er langt síðan ég hef gert svona lítil verk, líklega um 25 ár, en þá vann ég töluvert af svona litlum verkum. Þetta er búið að vera upprifjun og skemmtileg vinna fyrir mig þó þessi verk séu náttúrulega ólík þeim sem ég gerði áður.“

Steinunn hefur starfað að list sinni í rúm tuttugu ár en hún lærði á sínum tíma á Englandi á Ítalíu. Fyrstu einkasýningu sína hélt hún í galleríinu við Suðurgötu 7 árið 1979. Síðan þá hefur hún haldið fjölmargar sýningar víðsvegar um Evrópu og einnig í Bandaríkjunum

og í Asíu en verk hennar eru í einka- og opinberri eigu um allan heim.

Skúlptúrarnir á þessari sýningu, af ýmsum stærðum og lögun, eru figúratívir líkt og önnur verka Steinunnar en hún útskýrir að þeir séu unnir úr ýmsum efnum og lýsi ólíkum aðstæðum. „Þetta eru allt manneskjur eins og öll mín verk. Skúlptúrarnir tengjast að hluta til umhverfi gallerisins, þeir eru allir meira og minna hugsaðir inn í þetta rými. Það er enginn eiginlegur titill á sýningunni. Þessi verk lýsa mannum í náttúrunni og mannum í samfélagi við aðra menn.“

Sýningin stendur til 22. júlí en galleríuð er opið fimmtudaga til laugardaga frá kl. 14-17.

kristrun@frettabladid.is

Lofthrædd fimleikastjarna

Birta Benónýsdóttir vakti mikla athygli gesta á dansleikhússamkeppni sem haldin var í Borgarleikhúsinu á föstudaginn var. Í verkinu sýndi hún mikla hæfni í sirkuslist og hékk langt fyrir ofan gesti í efnisbúttum og tóku margir andköf þegar hún lét sig detta og hékk á hvolfi.

Birta er nítján ára gömul menntaskólamaer og hefur æft fimleika síðan hún var sjö ára gömul. Hún heillaðist af sýningu sænska sirkusins Circus Circór sem kom til landsins í fyrrasumar og fór hún út til Svíþjóðar síðasta haust og lærði nokkur brögð. Hún stefnir síðan á að fara út haustið 2007 í skóla á vegum Circus Circór. „Ég hef gaman af því að ögra sjálfri mér og vegna þess að ég er mjög lofthrædd var þetta verk

mikil áskorun fyrir mig,“ segir Birta, spurð hvort að hún hafi ekki verið hrædd er hún hékk úr lofti Borgarleikhúsins.

Verkið var samið af föður hennar Benóný Ægissyni og búngingana hannaði kona hans Ása Hauksdóttir. Þetta var því samstarfsverkefni innan fjölskyldunnar. Litla systir Birtu, hin ný ára Sóley Anna Benónýsdóttir, kom einnig fram í verkinu en hún er að æfa fimleika. Landsmenn geta séð Birtu leika listir sínar á götum miðbæjarins í sumar en hún er meðlimur í Götuleikhúsinu. - ap

BIRTA BENÓNÝSDÓTTIR Vakti athygli áhorfenda á Dansleikhússamkeppninni fyrir einstaka loftfimleika. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



MUNIÐ BÍLBELTIN



UMFERÐARSTOFA

Snúa aftur eftir 18 ára hlé

„Á föstudaginn verða tuttugu ár upp á dag frá því við komum fyrst fram. Við gátum ekki sleppt því tækifæri til að koma aftur saman,“ segir Karl Örvarsson, söngvari Stuðkompanísins sem leikur á dansleik í Sjallanum næstkomandi föstudagskvöld. „Það var nú eða aldrei. Við höfum ekki spilað síðan við hættum um áramótin 88-89, það hefur bókstaflega ekki verið tekinn tónn síðan,“ segir Kalli. Hann segir að ferill Stuðkompanísins hafi verið stuttur en mjög snarpur, og eftir að sveitin hætti hafi meðlimir hennar farið í mismunandi áttir. „Við lifðum hratt,“ segir Kalli og hlær. „Menn voru ungir og óharðnaðir og mjög misvel undir þetta búnir.“ Í Stuðkompaníinu var einnig Atli bróðir Kalla, sem hefur verið búsettur í Hollywood um hríð og flýgur heim sérstaklega fyrir tónleikana. Auk þeirra



KALLI ÖRVARSSON Söngvari Stuðkompanísins verður í banastuði í Sjallanum á föstudagskvöld.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

skipuðu bræðurnir Jón og Trausti rýpmasveitina og Magni Friðrik frændi þeirra var fimmti maðurinn. Kalli segir að æfingar hefjist annað kvöld þegar Atli er lentur á Akureyri. Hann kvíðir því ekki að það verði erfitt að rifja upp

gömlu taktana. „Blessaður maður, þetta er eins og þegar maður lærir að hjóla. Við þurfum bara að rifja þetta upp, teljum í og þegar komið er inn í mitt lag er þetta smollíð. Ég er kokhraustur í dag en svo verður þetta að koma í ljós!“ Kalli býst að við því að Stuðkompaníinn bjóði upp á sama prógramm og þegar sveitin lék síðast á tónleikum. „Já, já. Við höldum áfram þar sem frá var horfið, tókum auðvitað öll Kompaníslögin sem voru reyndar ekki mörg en við tókum þau þá bara þeim mun oftar,“ segir Kalli, sem býst við að þeir muni auk þess leika lög frá niunda áratugnum. Þau verði að sjálfsgöðu með þekktum sveitum á borð við Duran Duran og Frankie Goes to Hollywood. Stuðkompaníinn verður ekki eina sveitin sem kemur fram í Sjallanum á föstudagskvöld því Dúkkulísurnar ætla að hita upp.

Kalli segir að þær hafi kæst svo mjög yfir endurkomu Kompanísins að þær hafi ekki tekið annað í mál en að fá að hita upp. Þetta verða líklega einu tónleikar Stuðkompanísins á næstunni. Kalli segir að þeir eigi þó annað afmæli á næsta ári, en þá verða 20 ár frá því að sveitin sigraði í Músíktilraunum. „Það hefur verið kvartað undan því að við tækjum ekki gigg fyrir sunnan. Það er því aldrei að vita hvað gerist þá.“



GULLMOLI Skýjum ofar, platan með öllum smellum Stuðkompanísins.



NYLON Verður á ferð og flugi næstu daga en ætla að spila á tónleikum hinn 17. júní á fimm stöðum á suðvesturhorninu.

Nylon á Íslandi

Aðdáendur Nylon-flokksins geta tekið gleði sína á ný því þær Steinunn, Alma, Klara og Emilía ætla að spila á héra á Íslandi 17. júní á fimm stöðum um suðvesturhorn landsins. Stúlkurnar hafa haft í nógu að snúast síðan þær lögðu land undir fót og héldu í viking til Bretlands. Stúlkurnar spiluðu með strákabandinu Westlife og stúlkna-sveitinni vinsælu Girls Aloud en komu heim í stutt frí í síðustu viku. Að sögn Einars Bárðarsonar, umboðsmanns hljómsveitarinnar, ríkir mikil eftirvænting hjá stúlkunum enda hafa þær ekki spilað á Íslandi síðan um áramót.

Að sögn Einars fara stúlkurnar

aftur út á þriðjudaginn en þær eiga að fara í viðtal við vinsælasta glanstímarit Brets, Ok Magazine. Reyndar stóð til að það yrði tekið hér á Íslandi en eins og svo margt í tónlistarheiminum breyttist það á síðustu stundu. Nylon-flokkurinn kemur heim á miðnætti sama dags en þá bíður hópur kvikmyndagerðarmanna sem eru að vinna að heimildarmynd um stelpurnar. Stúlkurnar dveljast hér á landi fram á föstudag en þá fljúga þær út til að spila í afmæli Universal-útgáfunnar. Þær verða síðan mættar á laugardegnum til að taka þátt í 17. júní hátíðarhöldunum.

HM hafið í Þýskalandi

Væntanlega fór ekki framhjá neinum að heimsmeistarakeppnin í Þýskalandi hófst með pompi og prakt á föstudaginn.

Sýn ætlar að sýna alla leiki keppinnar í beinni útsendingu og á meðan riðlakeppninni stendur verða þrjú leikir á dag. Sjónvarpsstöðin bauð öllum helstu knattspyrnuhetjum landsins á opunarhófi í Smáralindinni þar sem kapparnir gátu gætt sér á alls kyns góðgæti og horft á upphafsleikinn milli Þjóðverja og Kosta Ríka í beinni útsendingu. Leikurinn þótti bráðfjörugur en Þjóðverjar unnu 4-2 og þótti þetta gefa ágætis fyrirheit um það sem koma skyldi næsta mánuðinn.



SIGUR Í FYRSTA LEIK Þjóðverjar unnu Kosta Ríka í fyrsta leik HM með fjórum mörkum gegn tveimur.

FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES



SPENNTIR FYRIR LEIKNUM Þeir Hörður Bjarnason og Grétar Sigfinnur voru spenntir fyrir leiknum og þeirri veislu sem fram undan er.



MED ALLA BOLINA Vidar og Benni í Jóa Útherja létu þetta gullna tækifæri ekki framhjá sér fara og voru að sjálfsgöðu á svæðinu.

FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR



Á RÉTTUM STAÐ Sigmar Vilhjálmsson, betur þekktur sem Simmi í Idolinu, var auðvitað mættur til að horfa á leikinn enda mikill íþróttáhugamaður.

Upp og ofan hjá Láru

[UMFJÖLLUN]

TÓNLIST

Tónlistarkonan Lára Rúnarsdóttir fylgir hér á eftir frumburði sínum Standing Still sem kom út fyrir tveimur árum og fékk ágætar viðtökur. Sú plata einkenndist af vönduðu poppi og gaf fín fyrirheit um framhaldið.

Á nýju plötunni syngur Lára átta lög af tólf á íslensku og er það töluverður umsnúningur frá fyrri plötunni, sem var alfarið á ensku. Athygli vekur að í einu laginu, Why, kemur hinn angurværi Damien Rice við sögu.

Nýja platan er töluvert öðruvísi en Standing Still. Hún er öllu rólegri og lagasmíðarnar eru ekki alls eina einfaldar og áður þegar kassagítarpoppið var í stærra hlutverki. Meira er nostrað við hlutina og ljóst að Lára er að reyna að prófa sig áfram í tónlistarskópun sinni, sem er gott mál.

Platan hreyfði samt ekki við mér eins og meirihluti hinnar gerði. Þrátt fyrir að hljóðfæraleikurinn væri góður og söngur Láru fallegur vantaði þann ferskleika sem áður var til staðar.

Nokkur lög stóðu þó upp úr og voru þau öll í fyrri hluta plötunnar, enda var sá síðari í heild sinni lakari að gæðum og í raun hvorki grípandi né áhugaverður.

Viðlagið í laginu „Í síðasta sinn“ var gott og „Vetur“ ágætis blús í anda Norah Jones. „Ókunnugur



LÁRA: PÖGN

NIDURSTAÐA:

Það vantar neistann á nýjustu plötu Láru. Fyrri hlutinn hefur ýmislegt gott fram að færa en sá síðari ekki. Lagið með Damien Rice er eftirminnilegast.

maður“ var jafnframt hið sæmleigasta popplag. „Why“ var fín ballaða þar sem rödd Láru naut sín vel. Innkoma Damien Rice í bakröddunum passaði vel inn í en kannski hefði Lára mátt nýta krafta hans aðeins betur, enda rödd hans aldeilis frábær og synd að hafa hana allan tímann í bakgrunninum. Engu að síður eitt besta lag plötunnar.

Textarnir á plötunni voru ágætir þar sem Lára leitaði mikið inn á við. Stundum voru þeir samt full yfirdrífir í alvarleika sínum um ástina og þau vandræði sem henni geta fylgt.

Freyr Bjarnason



GAMLIR VINIR Hönnuðurinn Steinunn ásamt gömlum bekkjarbróður, Sigurði Kolbeinssyni, sem var meðal gesta,

Steinunn opnaði í Danmörku

Yfirlitssýning á verkum Steinunnar Sigurðardóttur fatahönnuðar var opnuð á Norðuratlantshafsbryggju í Kaupmannahöfn á laugardag en Steinunn hefur

meðal annars unnið fyrir heimsþekkt tískumerki eins og Gucci, Calvin Klein og Ralph Lauren. Í dag hannar hún undir eigin nafni og er haustlína ársins í ár meðal

sýningagripa. Sendiherra Íslands, Svavar Gestsson, flutti ávarp við opnunina en sýningin, sem áður var í Gerðubergi, verður opin til 9. júlí.

- ks



Í UPPHAFI... Gestir virða fyrir sér úrklippur frá ferli Steinunnar.



ÁNÆGÐAR Konur voru í meirihluta sýningagesta en góður rómur var gerður að verkum Steinunnar.

FRÉTTABLAÐIÐ/KRISTJÁN



ÉG ÆTLA AÐ VERA ÖÐRUVÍSI

Ég er ekki eins og önnur tré. Sum tré vilja bara vera eins og allir hinir: Þora ekki að segja eða gera neitt sem kemur á óvart. Ég er öðruvísi. Ég ætla alltaf að segja það sem mér býr í brjósti. Ég ætla að fá fólk til að hlæja, gráta og hugsa. Ég ætla aldrei að liggja á skoðunum mínum og ég ætla að fjalla um allt sem fólk hefur áhuga á. Þess vegna ætla ég að verða DV!

HELGARBLAÐ

DV

LIFANDI PAPPÍR!

Nýtt í bió

HEIMSFRUMSYNING

Á 6. DEGI
6. MÁNAÐAR ÁRIÐ 2006
MUN DAGUR HANS KOMA,
ÞORIR ÞÚ Í BIÓ

THE OMEN
616106

MÖGNUD ENDURGERÐ
AF HINNI KLASSISKU
THE OMEN!

X-MEN 3
2000. KR. AFSLÁTTUR
FYRIR XY FÉLAGA

★ ★ ★ ★ ★
★ ★ ★ ★ ★
★ ★ ★ ★ ★

LOKAUPPGJÖRÐ!

★ ★ ★ ★ ★
★ ★ ★ ★ ★
★ ★ ★ ★ ★

X-MEN 3
MED HVERJUM HELÐUR ÞÚ?

40.000 MANN

THE DA VINCI CODE

LEITID SANNLEIKANS
HVERJU TRÚTR ÞÚ?
UPPLIFDU VINSÆLUSTU
BOK Í HEIMI!

16 BLOCKS
★ ★ ★ ★ ★
★ ★ ★ ★ ★
★ ★ ★ ★ ★

HÖRUGÓÐUR SPENNUTRYLLUR
FRÁ RICHARD DONNER
LEIKSTJÓRA LETHAL WEAPON

50.000 MANN

RAUÐHETTA

PRIME

SMÁRA BIÓ Sími 564 0000

REGNBÖGINN Sími 551 9000

Borgarbió Sími 462 3500

THE OMEN	kl. 5.30, 8 og 10.30 B.L. 16 ÁRA	THE OMEN	kl. 5.30, 8 og 10.30 B.L. 16 ÁRA	THE OMEN	kl. 8 og 10.10 B.L. 16 ÁRA
X-MEN 3	kl. 5.40, 6, 8, 8.30, 10.20 og 10.50 B.L. 12 ÁRA	16 BLOCKS	kl. 5.50, 8 og 10.10 B.L. 14 ÁRA	16 BLOCKS	kl. 6 og 8 B.L. 14 ÁRA
DA VINCI CODE	kl. 5, 8, og 11 B.L. 14 ÁRA	DA VINCI CODE	kl. 6 og 9 B.L. 14 ÁRA	X-MEN 3	kl. 10 B.L. 12 ÁRA
DA VINCI SYND Í LÚXS	kl. 5, 8 og 11 B.L. 14 ÁRA	RAUÐHETTA M/ ÍSL. TALI	kl. 6	DA VINCI CODE	kl. 5.15 B.L. 14 ÁRA
RAUÐHETTA M/ ÍSL. TALI	kl. 3.50	RAUÐHETTA M/ ENSKU TALI	kl. 10.15		
ISÖLD M/ ÍSL. TALI	kl. 4	PRIME	kl. 8		

400 kr. í bió!
Séð á allar sýningar í
Regnboginum markar með rauðu

Dolby SDDS THX Bió.is – allt á einum stað

Sími 553 2075

LAUGARAS BIÓ - bara lúxus

HEIMSFRUMSYNING

Á 6. DEGI
6. MÁNAÐAR ÁRIÐ 2006
MUN DAGUR HANS KOMA,
ÞORIR ÞÚ Í BIÓ

THE OMEN
616106

MÖGNUD ENDURGERÐ
AF HINNI KLASSISKU
THE OMEN!

X-MEN 3
2000. KR. AFSLÁTTUR
FYRIR XY FÉLAGA

★ ★ ★ ★ ★
★ ★ ★ ★ ★
★ ★ ★ ★ ★

LOKAUPPGJÖRÐ!

★ ★ ★ ★ ★
★ ★ ★ ★ ★
★ ★ ★ ★ ★

X-MEN 3
MED HVERJUM HELÐUR ÞÚ?

40.000 MANN

THE DA VINCI CODE

LEITID SANNLEIKANS
HVERJU TRÚTR ÞÚ?
UPPLIFDU VINSÆLUSTU
BOK Í HEIMI!

16 BLOCKS
★ ★ ★ ★ ★
★ ★ ★ ★ ★
★ ★ ★ ★ ★

HÖRUGÓÐUR SPENNUTRYLLUR
FRÁ RICHARD DONNER
LEIKSTJÓRA LETHAL WEAPON

50.000 MANN

RAUÐHETTA

PRIME

SMÁRA BIÓ Sími 564 0000

REGNBÖGINN Sími 551 9000

Borgarbió Sími 462 3500

THE OMEN	kl. 5.30, 8 og 10.30 B.L. 16 ÁRA	THE OMEN	kl. 5.30, 8 og 10.30 B.L. 16 ÁRA	THE OMEN	kl. 8 og 10.10 B.L. 16 ÁRA
X-MEN 3	kl. 5.40, 6, 8, 8.30, 10.20 og 10.50 B.L. 12 ÁRA	16 BLOCKS	kl. 5.50, 8 og 10.10 B.L. 14 ÁRA	16 BLOCKS	kl. 6 og 8 B.L. 14 ÁRA
DA VINCI CODE	kl. 5, 8, og 11 B.L. 14 ÁRA	DA VINCI CODE	kl. 6 og 9 B.L. 14 ÁRA	X-MEN 3	kl. 10 B.L. 12 ÁRA
DA VINCI SYND Í LÚXS	kl. 5, 8 og 11 B.L. 14 ÁRA	RAUÐHETTA M/ ÍSL. TALI	kl. 6	DA VINCI CODE	kl. 5.15 B.L. 14 ÁRA
RAUÐHETTA M/ ÍSL. TALI	kl. 3.50	RAUÐHETTA M/ ENSKU TALI	kl. 10.15		
ISÖLD M/ ÍSL. TALI	kl. 4	PRIME	kl. 8		

400 kr. í bió!
Séð á allar sýningar í
Regnboginum markar með rauðu

Dolby SDDS THX Bió.is – allt á einum stað

Margar gerðir af
ljósum!

RAFSÓL

Skipholti 33 • 105 Reykjavík
Sími 553 5600 • www.rafsol.is
rafsol@rafsol.is

LOPEZ Jennifer Lopez er að fhuga að leika í kvikmyndinni Dallas.

Lopez spáir í Dallas

Söng- og leikkonan Jennifer Lopez er enn að fhuga hvort hún eigi að taka að sér hlutverk Sue Ellen í væntanlegri kvikmynd, Dallas.

Verður hún byggð á sjónvarpsþáttunum samnefndu sem nutu mikilla vinsælda á níunda áratugnum. „Sue Ellen var fegurðardrottning frá Texas, þannig að ég held ég smellpassi í hlutverkið,“ sagði Lopez í léttum dúr. Hún segist þegar hafa spjallað við John Travolta um myndina, en hann mun leika sjálfan J.R. Ewing.

Horfst í augu við óttann

Enska hljóm sveitin Keane gefur út sína aðra plötu, **Under the Iron Sea**, í dag. Freyr Bjarnason leit yfir feril þessarar vinsælu sveitar, sem kom til Íslands fyrir tveimur árum.



KEANE Enska hljóm sveitin Keane er að gefa út sína aðra plötu, sem nefnist Under the Iron Sea.

Under the Iron Sea fylgir eftir hinni geysivinsælu Hopes and Fears sem kom út fyrir tveimur árum og hefur selst í fimm milljónum eintaka um allan heim. Varð hún næstmestselda plata Bretlands það árið og seldist í aðeins 502 færri eintökum en fyrsta plata Scissor Sisters. Keane hrúgaði til sín verðlaunum fyrir plötuna. Var hún meðal annars kosin besta platan á Brit-verðlaunum auk þess sem hljóm sveitin var tilnefnd sem besta nýja sveitin á bandarísku Grammy-verðlaununum.

Átján mánaða tónleikaferð
Til að fylgja eftir fyrstu plötunni fór Keane í umfangsmikla tónleikaferð um heiminn sem stóð yfir í átján mánuði. Meðal annars hélt sveitin tónleika í Hafnarhúsinu í Reykjavík á Iceland Airwaves-hátíðinni árið 2004 við góðar undirtektir, auk þess sem hún hitaði upp fyrir átrúnaðargoð sín U2 í Madison Square Garden og spilaði á Live 8-tónleikum í London.

okkur sjálfa í gegn, samskiptin okkar á milli, samskipti okkar við annað fólk og heiminn eins og hann leggur sig. Við vildum ferðast inn í myrkustu staðina sem við gátum mögulega fundið,“ segja þeir um vinnuna við nýju plötuna. „Við vorum að semja, syngja og spila af meiri ákafa, metnaði og reiði en við höfðum áður gert.“

Tóku sjálfa sig í gegn
„Tónleikaferðin tók sinn toll. Við þurftum á því að halda að fara aftur í hljóðverið og heim til okkar,“ segja þeir félagar. „Við notuðum hverja pásu sem við fengum til að fara í hljóðver og taka upp efni og í október árið 2005 fórum við í nýja upptökulotu ásamt Andy Green og lukum henni í desember. Á þessari plötu reyndum við að horfast í augu við okkar mesta ótta. Við reyndum að taka

Veglegar umbúðir
Fyrsta smáskífulag plötunnar, Is It Any Wonder?, fór beint í þriðja sæti breska vinsældalistans en einnig hefur lagið Atlantic verið fánlegt til niðurbals á netinu. Nýja platan, sem er melódísk og þægileg áheyrnar rétt eins og Hopes and Fears, verður fánleg í takmarkaðan tíma í viðhafnarumbúðum sem innihalda auka DVD-mynddask sem hefur að geyma stuttmynd, myndband við nýja smáskífulagið og mynd um gerð þess, auk tólf demólaga sem voru tekin upp á tónleikum.

10. HVER VINNURI!

HITMAN BLOOD MONEY

Þú sendir SMS skeytið BTC HBF á númerið 1900. Þú gætir unnið!

BT D3

Aðalvinningur er PS2 tölvu + Hitman Blood Money

Aukavinningar eru:
• Hitman Blood Money • Pepsi kippur • DVD myndir
• PS2 Stýriþinnar • Fullt af öðrum tölvuleikjum og margt fleira

Vinnningarverða afhendir hjá BT Smáralind. Kópavogi. Með því að taka þátt eru kominn í SMS klúbb. 149 kr/áskráð.

Martin og Bowie í Extras

Chris Martin, söngvari Coldplay, tónlistarmaðurinn David Bowie og leikarinn Orlando Bloom eru á meðal þeirra sem koma fram í gestahlutverki í annarri þáttaröðinni af Extras eftir enska grínistann Ricky Gervais.

Sir Ian McKellen, Daniel Radcliffe, sem leikur Harry Potter og Germaine Greer fengu einnig hlutverk í þáttaröðinni en tókur á henni eru nýhafnar.

Í Extras fer Gervais með hlutverk aukaleikarans Andys Millman sem þráir að slá í gegn á hvíta

tjaldinu en á í hinum mestu erfiðleikum með það.

Á meðal gestaleikara í fyrstu þáttaröðinni, sem naut mikilla vinsælda, voru Kate Winslet og bandarísku leikararnir Samuel L. Jackson og Ben Stiller.



MARTIN Tónlistarmaðurinn Chris Martin er einn þeirra sem koma fram sem gestir í næstu þáttaröð af Extras.

<p>FRUMSÝNING</p> <p>S.O.S. Pottþéttur hasarpakkó. Allir í bátana og ekki missa af Poseidon. P.P. FRÉTTABLAÐIÐ</p> <p>POSEIDON KL. 3:40-5:50-8-10:10 B.I. 14 POSEIDON VIP KL. 3:40-5:50-8-10:10 SHE'S THE MAN KL. 3:30-5:45-8-10:20 B.I. 12 X-MEN 3 KL. 5:50-10:10 AMERICAN DREAMZ KL. 3:40-5:50 THE SHAGGY DOG KL. 8-10:30 B.I. 14 MISSION IMPOSSIBLE 3 KL. 4-8 B.I. 10</p> <p>ÁLFABAKKA</p> <p>ÁLFABAKKI S: 587-8900</p>	<p>AMANDA BYNES</p> <p>SHE'S THE MAN</p> <p>X-MEN 3</p> <p>THE DA VINCI CODE</p> <p>THE INSIDE MAN</p> <p>AKUREYRI</p> <p>POSEIDON KL. 8 B.I. 14 X-MEN 3 KL. 8 B.I. 12 THE DA VINCI CODE KL. 10:10 B.I. 14 THE INSIDE MAN KL. 10</p> <p>SHE'S THE MAN KL. 8-10 POSEIDON KL. 8-10 B.I. 14</p> <p>AKUREYRI S: 461-4666 • KEFLAVÍK S: 421-1170</p>	<p>V.J.V. - TOPP5.IS</p> <p>J.P.P. Blaðið</p> <p>FRÁ J.J. ABRAMS, HÖFUNDI ALIAS OG LOSTI! TOM CRUISE</p> <p>M:I-III</p> <p>ADGERÐIN ER HAFIN</p> <p>FRÁ LEIKTJÓÐUM American Pie & About a Boy</p> <p>AMERICAN DREAMZ</p> <p>MISSION IMPOSSIBLE 3</p> <p>SHAGGY DOG</p> <p>KRINGLUNNI</p> <p>SHE'S THE MAN KL. 5:45-8-10:15 POSEIDON KL. 6-8-10:10 B.I. 14 AMERICAN DREAMZ KL. 8 MISSION IMPOSSIBLE 3 KL. 10:10 B.I. 14 SHAGGY DOG KL. 6 B.I. 10</p> <p>SÝNDAR Í STAFRÆNNI ÚTGÁFU. MYND OG HLIÓÐ</p> <p>KRINGLAN S: 588-0800</p>	<p>S.O.S. V.J.V. TOPP5.IS</p> <p>POSEIDON</p> <p>THE DA VINCI CODE</p> <p>THE SHAGGY DOG</p> <p>MISSION IMPOSSIBLE 3</p> <p>HÁSKÓLABÍÓ S: 530-1919</p>
---	---	---	--

Kynlífssafn opnað í London

Í september verður opnað nýtt safn í West End í London. Safnið kallast Amora: The Academy of Sex and Relationships og verður það meira í ætt við skemmtigarð en safn. Þema safnsins er kynlíf og sambönd og segja forsvarmenn safnsins að ferð þangað eigi bæði að vera fróðleg og skemmtileg en umfram allt gera gesti að betri elskhugum. Meðal þess sem boðið er upp á í safninu er kossakennsla en safnið skiptist í sjö svæði. Áætlað er að um 600.000 manns heimsæki safnið fyrsta árið en safnið er sagt henta fólki á öllum þekkingarstigum. Fólk yngra en átján ára kemst þó ekki inn í þessa þekkingarveröld. Búið er við því að ferðamenn flykkist á safnið en það mun kosta fimmtán pund inn.



ÖGRANDI ÞEKKINGARVERÖLD Á nýja safninu geta gestir lært alvöru kossatækni og almennt orðið betri elskhugar af heimsókn þangað.

Myndbandið sýnt

Dómstóll í Chicago hefur úrskurðað að sýna megi í réttarsal kynlífsmyndband með bandaríska söngvaranum R Kelly.

Því hefur verið haldið fram að í myndbandinu stundi Kelly kynlíf með stúlku undir lögaldri.

Kelly, sem hefur selt 23 milljónir platna um heim allan, hefur neitað þeim fjórtán atriðum sem hann er ákærður fyrir. Málið hefur verið í þrjú ár í dómskerfinu en réttarhöld eru ekki hafin.

Á meðal vinsælustu laga Kelly eru I Believe I Can Fly og She's Got That Vibe. Hefur hann unnið með þekktum tónlistarmönnum á borð við Michael og Janet Jackson, Whitney Houston og Mary J. Blige. Árið 2004 vann hann til sjö verðlauna á Billboard R&B og Hip hop-verðlauninum.

R KELLY Rapparin er ákærður fyrir að hafa stundað kynlíf með stúlku undir lögaldri.



OPIÐ HÚS

Í dag er opið hús í Verzlunarskóla Íslands milli kl. 15:00 og 18:00

- Námsráðgjafar og kennarar skólans verða til viðtals og geta nemendur innritað sig á staðnum.
- Nemendur kynna félagslífið í máli og myndum.
- Gestir geta skoðað húsakynni skólans.
- Léttar veitingar.
- Nánari upplýsingar á www.verslo.is og á skrifstofu skólans í síma 5 900 600.

VERZLUNARSKÓLI ÍSLANDS

Umsóknarfrestur er til kl. 24:00
mánudaginn 12. júní





Mál Kekic enn í hnút

Þrátt fyrir áframhaldandi viðræður eru deilumál Sinisa Valdimars Kekic í Grindavík enn í hnút. Honum sinnaðist við Sigurð Jónsson, þjálfara liðsins, en Kekic hefur sjálfur staðfest að svo geti farið að hann fari frá félaginu.

sport

sport@frettabladid.is

Breiðablik 2-1 FH

Kópavogsv. Áhorf: 1200 Egill Már Markússon (6)

1-0 Daði Lárússon (Sjálfsmark, 45.)
1-1 Tryggvi Guðmundsson (70.)

TÖLFRÆÐIN

Skot (á mark)	13-10 (4-8)
Vari skot	Hjörvar 6 - Daði 4
Horn	3-2
Aukaspjurnur fengnar	10-11
Rangstöður	5-4

BREIÐ. 4-5-1	FH 4-3-3
Hjörvar 8	Daði Lárússon 4
Stig Kron Haaland 7	Freyr Bjarnason 6
Oliver Rissler 6	Ármann Smári 6
Srdjan Gasic 7	Ásgeir Gunnar 5
Árni Kristinn 6	Guðmundur 6
Steinþór Freyr 8	Sigurvin 7
Nenad Zivanovic 7	David Þór 7
(81. Viktor Unnar -)	Baldur Bett 5
Olgeir Sigurgeirs 6	(63. Hermann 6)
Magnús Páll 5	Atli Viðar 6
Kristján Óli 7	(78. Atli Guðnas -)
Marel Baldvins 7	Tryggvi 7
	Ólafur Páll 6
	(78. Matthias -)

*Maður leiksins



PÁLL EINARSSON Verður í eldlinunni með Fylki í kvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Fylkir tekur á móti Keflavík:

Bæði lið stefna á sigur í kvöld

FÓTBOLTI Fylkir og Keflavík töpuðu bæði leikjum sínum í síðustu umferð og er ljóst að liðin eru staðráðin í að ná að rífa sig upp og stefna á sigur í kvöld þegar þau mætast í Árbænum. Bæði lið hafa spilað skemmtilegan bolta það sem af er móti þó þau hafi ekki náð að sýna sitt rétta andlit síðasta fimmtudag.

Með sigri kemst Keflavík upp fyrir Fylki á töflunni. Þegar þessi tvö lið mættust á Fylkisvællinum í fyrra vann Keflavík góðan útsigur en Hólmur Örn Rúnarsson skoraði eina mark leiksins. Viðureign liðanna í Keflavík í fyrra bauð hins vegar upp á jafntefli í fjögurra marka leik.

Þjálfarar liðanna voru báðir í sviðsljósinu í síðustu umferð en þeir gagnrýndu dómgæsluna harkalega. Spurning er hvort þeir láti í sér heyra í kvöld? - egm

TEITUR ÞÓRÐARSON ÞJÁLFARI KR EKKI SÁTTUR: LEIK ÍBV OG KR VAR FRESTAÐ Í TVÍGANG UM HELGINA

Húktu alla helgina eftir fýluferð til Eyja

„Mér finnst mjög skrytið að KSÍ fresti ekki þessum leik og setji hann bara á síðar í sumar. Það er gjörsamlega ófært til Eyja og hefur verið í dag og í gær. Þetta er búið að eyðileggja alla helgina fyrir okkur og ég veit ekki hvaða áhrif það hefur að hafa leikinn á morgun, menn eru í vinnu og slíkt og það er erfiðara að fá frið,“ sagði Teitur Þórðarson, þjálfari KR, ósáttur við Fréttablaðið í gær.

Vegna slæmra veðurskilyrða varð að fresta leik ÍBV og KR á laugardaginn og svo aftur á sunnudaginn. Leikmenn og forráðamenn KR biðu alla helgina eftir flugi, ýmist í KR-heimilinu eða úti á flugvelli. Þeir reyndu að fljúga til Eyja í gær en gátu ekki lent og eftir eins og hálf títíma hringsólun í kringum Eyjar var

snúið aftur til Reykjavíkur.

„Þetta er enginn undirbúningur til að fara í leik. Leikmenn þreyttir, pirraðir og allt eftir því. Það er alveg á hreinu að þetta gengur ekki svona, það þurfa að koma nýjar reglur með svona mál,“ sagði Teitur en leikurinn hefur verið settur á í kvöld klukkan 19.15. Áfram er spáð mjög slæmu veðri í Eyjum.

„Samkvæmt reglugerð KSÍ segir að leika eigi næsta dag sem fært þykir. Það er ekki gott að fá leikjum við Vestmannaeyinga frestað inn í mót þar

sem það á eftir að fresta fleiri leikjum í Eyjum í sumar. Það er því ekki gott að vera með uppsafnaða leikdaga auk þess sem ég sé ekki marga leikdaga inni í mótinu. KR hefði getað komið í veg fyrir þetta með því að taka Herjólf á föstudagskvöldið, þá hefði ekki verið neitt vanda-mál. Það er laus leikdagur á morgun og því fer leikurinn þangað, það er okkar fasta vinnuregla,“ sagði Birkir Sveinsson, mótstjóri KSÍ, um leikinn en ef fresta þarf leiknum í kvöld verður honum frestað inn í sumaríð þar sem of stutt verður í næsta leik hjá liðunum.



> Fjölirnir á topp 1. deildar

Fjölirnir úr Grafarvogi vann glæsilegan 5-0 sigur á Þór Akureyri í 1. deild karla í knattspyrnu í gær. Með sigrunum eru Fjölnismenn komnir á topp deildarinnar eftir fimm umferðir en Framarar eiga leik inni. Fram er stigi á eftir Fjölni en liðið leikur gegn Haukum á útivelli í kvöld og með sigri í þeim leik endurheimtir það toppsæti deildarinnar. KA hélt uppi merki Akureyrar í gær með 3-2 heimasigri á Víkingi Ólafsvík. Mikilvægur sigur hjá KA, sem hafði farið illa af stað í mótinu.



Íslandsmeistararnir ekki ósigrandi

Breiðablik kom FH í opna skjöldu á heimavelli sínum í Kópavogi í gær í Landsbankadeild karla. Leiknum lauk með 1-1 jafntefli en þetta eru fyrsti stigin sem FH tapar í sumar eftir að hafa unnið alla hina leikina.

FÓTBOLTI Nýliðar Breiðabliks gerðu 1-1 jafntefli gegn Íslandsmeisturum FH á Kópavogsvelli í gær. Þetta eru fyrstu stigin sem FH tapar á mótinu en Blikar léku vel, sýndu góða baráttu og hefðu með smá heppni getað fengið öll stigin.

Enginn af Dönunum þremur var í leikmannahópi FH en liðið var meira með boltann í fyrri hálfleiknum. Heimamenn léku hins vegar skynsamlega og gáfu fá færi á sér. Völlurinn var blautur og áttu margir leikmanna í stökustu vandræðum með að fóta sig. FH átti fyrsta markskot leiksins þegar Guðmundur Sævarsson átti glæsilega sendingu á Tryggva Guðmundsson en skot hans fór beint á Hjörvar Hafliðason. Meiri hætta var á nítjándu mínútu þegar Tryggvi átti góðan skalla sem hafnaði í stönginni eftir að hafa fengið langa sendingu.

Blikar voru þolinmóðir og fengu sín færi. Vinstri vængurinn var ógnandi með hinn norska Stig Kron Haaland í bakverðinum og Steinþór Þorsteinsson á kantinum. Þá var Marel Bandvinsson að halda boltanum vel frammi og skapaði hættu. Á 27. mínútu voru Blikar óheppnir að taka ekki forystuna en þá átti Steinþór hörkuskot sem Daði Lárússon markvörður varði. Marel náði

frákastinu en hins vegar náði hann ekki góðu skoti og boltinn flaug yfir.

Eftir þetta færi kom mjög tíðindalítil kafla þar sem gestirnir héldu áfram að vera meira með boltann en erfiðlega gekk hjá þeim að skapa sér alvöru færi. Allt stefndi í að markalaust yrði í hálfleik þegar Breiðablik fékk hornspyrnu á lokamínútu fyrri hálfleiks. Haaland tók spyrnuna og Daði í marki FH kom út úr markinu en sló boltann inn á furðulegan hátt. Mistök eru sjaldséð hjá Daða, hvað þá eins klaufaleg og þessi.

Þó kom að því að FH-ingar næðu að jafna og það gerði Tryggvi Guðmundsson með skoti úr teignum, en hann var einn og ódekkður eftir undirbúning frá Ólafi Páli Snorrasyni. Á 74. mínútu fékk Guðmundur bakvörður FH-inga sitt annað gula spjald fyrir brot á Steinþóri sem hafði átt hörkusprett, og Íslandsmeistararnir léku því einum færri í rúman stundarfjórðung.

Bæði lið komust nálægt því að skora áður en leiktíminn rann út. Hjörvar Hafliðason átti góðan leik og varði aukaspjurnu frá Tryggva vel og þá átti Kristján Óli Sigurðsson hættulegt skot fyrir heimamenn en framhjá. Steinþór gerði sig einnig líklegan en Daði varði



JAFNT Í KÓPAVOGINUM Breiðablik sýndi að FH-ingar rúlla ekki yfir öll lið í deildinni en Íslandsmeistararnir hafa þó vænlega forystu á toppi deildarinnar. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

frá honum í horn og 1-1 lokastaðan

„Maður hefði viljað öll stigin þrjú eins og leikurinn var búinn að þróast. Við þurfum enn að vinna í því að læra að halda forystu, þetta var enn einn leikurinn þar sem við komumst yfir en missum það niður. Við vorum að spila ágætlega í dag gegn Íslandsmeisturum en hefðum átt að klára þá,“ sagði

Kristján Óli Sigurðsson, leikmaður Breiðabliks.

„Við getum unnið hvaða lið sem er ef viljinn og rétti hugsunarhátturinn er til staðar. Við spiluðum skynsamlega í fyrri hálfleik og frábært að fá mark rétt fyrir leikhlé. Súrt að ná ekki að halda því en eitt stig er betra en ekki neitt. FH-ingar eru ekki ósigrandi og við sýndum það.“ elvar@frettabladid.is

Heimsmeistarinn slær ekki slöku við og vann enn einn sigurinn um helgina, nú á Silverstone í Englandi:

Enginn skákar meistarann Alonso



MEISTARINN Enginn virðist geta skákað Spánverjanum spræka um þessar mundir. Hann hefur nú unnið fimm af átta mótum á tímabilinu. NORDICPHOTOS/AFP

FORMÚLA 1 Heimsmeistarinn Fernando Alonso var áfram á sigurbraut í Formúlu-1 keppni helganna þegar hann bar sigur úr bítum á Silverstone-brautinni í Bretlandi. Alonso hóf keppnina á ráspól, lét forystu sína aldrei af hendi og fór með öruggan sigur af hólmi.

Þetta var sögulegur sigur fyrir Alonso og Renault-liðið en þetta var 200. kappaksturinn sem liðið þreytir í Formúlu-1. Þetta var fimmti sigur Alonso í ár af átta og virðist sem enginn geti stöðvað Spánverjann.

Alonso stakk þá Kimi Räikkönen á McLaren og Michael Schumacher á Ferrari fljótlega af og var tæpum fjórtán sekúndum á undan

Michael Schumacher, en Kimi Räikkönen varð þriðji. Í fyrsta hring reyndi Räikkönen að komast fram úr Alonso á hraðasta kafla brautarinnar, en varð að gefa eftir. Schumacher fylgdi í kjölfarið, en gat ekki nýtt sér færið og Räikkönen einleglega þvingað Schumacher út í kant. Eftir þetta hélt staðan óbreytt, nema hvað Schumacher komst framúr Räikkönen í seinna þjónustuhléinu. Stór hópur Íslendinga fylgdist með keppninni á staðnum og sá Alonso auka forskot sitt í stigakeppni okumanna í 23 stig. „Þetta var góður sigur hjá okkur í dag. Við sáum að við vorum með meira bensín á bílunum okkar en önnur lið í tímatökunni og það hjálpaði okkur mikið þegar við skipulögðum áætlunina fyrir keppnina. Dekkin voru virkilega góð og því voru kannski ekki miklir möguleikar fyrir keppnauta okkar að skáka okkur,“ sagði Alonso í sigurvímu eftir keppnina.

Schumacher viðurkenndi að Ferrari hefði einfaldlega ekki ráðið við Renault um helgina. „Við vorum með tvo nýja dekkjaganga og hin liðin ákváðu að nota ný dekk frá byrjun. Við reyndum því hvað við gátum að breyta áætluninni en það heppnaðist ekki sem skyldi. Við vorum ekki nógu fljótir um helgina og verðum bara að skoða okkar mál,“ sagði Þjóðverjinn.

- hph

Drekka hana hér

Léttmjólk í flösku

MUU

Tékkland mætir Bandaríkjunum í dag og Ítalir mæta hinu rísandi veldi Ghana:

Dauðariðillinn fer af stað

FÓTBOLTI Í dag verða fyrstu leikirir í E-riðlinum á HM en margir hafa talað um hann sem hinn svokallaða dauðariðil keppinnar. Tékkland var eitt skemmtilegasta liðið á síðasta Evrópumóti og mætir Bandaríkjunum klukkan fjögur. Tékkar gátu glaðst þegar Pavel Nedved tilkynnti að hann ætlaði að spila með á mótinu en hann var búinn að ákveða að leggja landsliðsskóna á hilluna.

Tékkar hafa marga leikmenn í fremstu röð og má þar nefna markvörðinn Petr Cech, Tomas Rosicky, nýjasta liðsmann Arsenal, og Milan Baros sem var markakóngur á EM fyrir tveimur árum.

„Á síðustu fjórum árum höfum við unnið lið eins og Ítalíu, Frakkland og Holland. Ef við náum góðum leik getum við unnið alla en fyrsta markmiðið er náttúrulega að komast upp úr riðlinum. Það er mikil pressa á okkur að heiman enda er talað um okkur sem gullkynslóð Tékklands,“ sagði markvörðurinn Cech. Bandaríkin eru með lið sem ekki má vanmeta og



NEDVED Pavel Nedved er farinn að leika fyrir Tékkland á ný. NORDICPHOTOS/AFP

eru með leikmenn innanborðs sem spila í bestu deildum Evrópu. Liðið hefur aldrei unnið leik á HM í Evrópu en er ákveðið að breyta þeirri staðreynd í Þýskalandi í ár.

Ítalía og Gana eru einnig í E-riðli en þessar þjóðir etja kappi í

kvöld. Miklar væntingar eru gerðar til ítalska liðsins undir stjórn Marcelo Lippi en að vanda er helsti styrkur liðsins fölginn í vörninni. Hins vegar eru athyglisverðir leikmenn frammar á vellinum og má þar nefna Luca Toni, sem skoraði þrjátíu mörk í ítölsku deildinni í vetur fyrir Fiorentina. Gana er rísandi fótboltaveldi í Afríku og tekur þátt í HM í fyrsta sinn. Liðið er sérstaklega vel sett á miðsvæðinu með þá Stephen Appiah, leikmann Fenerbache, og Michael Essien stjórnuleikmann Chelsea.

Keppni í riðli Brasilíumanna, Fríðli, hefst einnig í dag þegar Ástralía og Japan eigast við en sjálfir heimsmeistararnir leika gegn Króatíu á morgun. Ástralal eru óskrifad blað en Guus Hiddink, þjálfari þeirra, er þekktur fyrir að ná því besta út úr sínum mönnum. Japan hefur nokkra athyglisverða leikmenn innan sinna raða eins og Hidetoshi Nakata. Þá er hinn brasilíski Zico að stýra liðinu og aldrei að vita nema það sýni sambakta.

- egm

Gunnar Berg og Dagný skrifa undir hjá Holstebro

Gunnar Berg Viktorsson og kona hans Dagný Skúladóttir hafa skrifað undir samninga við danska liðið Holstebro. Þau flytja því til Danmerkur í sumar.

HANDBOLTI Handboltarið Gunnar Berg Viktorsson og Dagný Skúladóttir munu spila í Danmörku á næstu leiktíð en þau hafa bæði gert samning við Holstebro. Gunnar lék með Kronau/Östringen í þýsku úrvalsdeildinni í vetur en hann ákvað að vera ekki áfram hjá félaginu og færa sig um set. Eftir margra vikna vangaveltur eru mál hans komin á hreint og Danmörk varð fyrir valinu.

Það er kærkomin viðbót að Dagný kona hans skrifaði einnig undir hjá Holstebro en hún hefur ekki spilað handbolta um nokkra hríð. Þau voru stódd í fríi á Spáni þegar Fréttablaðið náði sambandi við þau í gær, þar sem afsöppun var þeim efst í huga. Gunnar Berg, sem verður þrítugur í júlí, átti við slæm meisli að stríða lengst af í vetur og var í tvö ár hjá Kronau en spilaði áður með IBV, Fram, Paris St. Germain í Frakklandi og Wetzlar í Þýskalandi.

„Við kláruðum þetta bara rétt fyrir helgina og þetta er mikill léttir. Við fórum til Danmerkur og skoðuðum aðstæður hjá þeim og þeir eru með sterk lið bæði í karla- og kvennaflokki. Það var ekki síst mikilvægt fyrir okkur að Dagný kæmist að hjá liði líka en Danmörk er með eina sterkustu kvennadeild í heiminum í dag. Við erum því hæstánægð með þetta,“ sagði Gunnar í gær.

„Okkur leist vel á aðstæður hjá félaginu. Það er með ágætt lið í karlaflokki og hefur á ungu liði að skipa með nokkra eldri jálka inni á milli. Það endaði í níunda sæti á



DAGNÝ OG GUNNAR BERG eru í skýjunum yfir því að hafa fundið félag sem þau geta bæði spilað með. Þau leika undir merkjum Holstebro í dönsku úrvalsdeildinni á næstu leiktíð.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN - FRÉTTABLAÐIÐ/PIETUR

síðasta tímabili en ætlar sér stærri hluti í ár og ég held að það sé ekki óraunhæft að stefna á Evrópusæti, þó svo að ég sé ekki að setja nein markmið á þessu stigi,“ sagði Gunnar.

Sigfús Sigurðsson var í viðræðum við félagið um tíma en hann hætti við að ganga til liðs við það eftir langar samningaviðræður þar sem félagið fór á bak orða sinna. Það gerðist þó ekki með Gunnar og Dagnýju. „Þetta tók sinn tíma og við vorum lengi að ræða saman. Auðvitað vilja þeir borga sem minnst en við fá sem

mest og þannig gengur þetta í öllum samningaviðræðum,“ sagði Gunnar en undirbúningstímabilið hefst hinn 23. júlí.

Gunnar var orðaður við nokkur lið á Íslandi en það stóð aldrei til að skötu hjúin kæmu heim. „Það kom aldrei til greina að koma til Íslands. Það höfðu nokkur lið samband við mig en ég ákvað að prófa að vera aðeins lengur úti og fá öxina almennilega í gang, hún virkar fínt í golfinu núna. Vissulega mun ég þó koma heim á einhverju stigi og spila heima,“ sagði Gunnar Berg Viktorsson. hjalti@frettabladid.is

Slagviðri setti svip sinn á Carlsberg-mótið í Vestmannaeyjum um helgina:

Ólafur og Tinna hrósuðu sigri

GOLF Ólafur Már Sigurðsson, kylfingur úr Golfklúbbi Reykjavíkur, vann annað mótið í Íslandsmótiinu í högggleik karla um helgina þegar leikið var í KB-bankamótariðinni í Vestmannaeyjum. Þrátt fyrir leiðinlegt veður, mikla rigningu og hávátarok, sýndu kylfingar lipur tilþríf en vissulega komu aðstæður niður á spilamennskunni.

Ólafur hafði betur gegn Ottó Sigurðssyni úr GKG í æsispennandi bráðabana en eftir 54 holur voru þeir eftir og jafnir og léku því 18. holu vallarins á nýjan leik. Holan er þar 5 hola og náði Ólafur pari eftir örugga spilamennsku en hann setti niður þútt af stuttu

færi fyrir sigrinum þar sem Ottó fékk sex á holuna, eftir að hafa lent í vandræðum eftir upphafshögg sitt.

Ólafur og Ottó voru jafnir eftir fyrri daginn þar sem leiknar voru 36 holur en eftir þær voru þeir báðir á þremur höggum undir pari, Ólafur lék á 69 og 68 höggum en Ottó á 70 og 67. Þeir héldu áfram að spila hönd í hönd í gær og spiluðu báðir á 74 höggum áður en Ólafur hafði betur í bráðabananum.

Tinna Jóhannsdóttir, kylfingur úr Kili, sigraði í kvennaflokkinum. Tinna er þar með búin að sigra á báðum mótunum í ár í KB bankamótariðinni eftir sigur á

Akranesi og í Vestmannaeyjum. Tinna lék á 78 höggum á þriðja og síðasta hringnum í gær, á átta höggum yfir pari. Tinna lék fyrsta hringinn á 80 höggum, þann annan á 76 og endaði því á 234 höggum. Nína Björk Geirsdóttir úr GKJ varði í öðru sæti, tveimur höggum á eftir Tinnu en Nína Björk lék hringina þrjá á 83, 75 og 78 höggum, samanlagt á 236 höggum.

Helena Árnadóttir úr GR, sem var í forystu ásamt Tinnu eftir fyrri hringina tvo, hafnaði svo í þriðja sæti. Hún lék á samtals 241 höggi en Ragnhildur Sigurðardóttir var aðeins á einu höggi á eftir henni.

- hph



nike.com



Air Pegasus N2/WNTR



Loftsóli í fullri lengd



Topplinan í hlaupaskóm



2ja laga vatnsvörn og öndun

Leiðb. verð kr. 11.990.-

Útílf / Sportver / Toppmenn / K-sport / Skóbúð Selfoss / Axel Ó / Marabon / Fjölsport / Ozone / SÚN búðin / Blómsturvellir / Íþróttabúðin / Brúarsport / Siglóspport / Skógar



Air Pegasus N2/WNTR



Loftsóli í fullri lengd



Topplinan í hlaupaskóm



2ja laga vatnsvörn og öndun

Leiðb. verð kr. 11.990.-

Útílf / Sportver / Toppmenn / K-sport / Skóbúð Selfoss / Axel Ó / Marabon / Fjölsport / Íþóttabúðin / Skógar



Air N'Sight

Sterk yfirbygging með öndun. TPU stöðugleikaplata ásamt mjúkri/létrri Phylon dempun í miðsóla. Niðsterkur BRS 1000 sóli.

Leiðb. verð kr. 7.490.-

Sportver / Toppmenn / Marabon / K-sport / Veidiflugan / Fjölsport / Ozone / Skógar / Jóí Útherji



Air N'Sight

Sterk yfirbygging með öndun. TPU stöðugleikaplata ásamt mjúkri/létrri Phylon dempun í miðsóla. Niðsterkur BRS 1000 sóli.

Leiðb. verð kr. 7.490.-

Útílf / Sportver / Toppmenn / Marabon / K-sport / Fjölsport / Ozone / Veidiflugan / SÚN búðin



EINAR Gerði Svíunum gríkk með þrumufleygum sínum í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Einar Hólmgeirsson:

Þetta fer í sögubækurnar

HANDBOLTI Einar Hólmgeirsson átti frábæra innkomu í leikinn og skoraði sex glæsileg mörk. „Þetta var mjög gott og það datt flest inn í dag. Þetta er einn af þessum dögum þar sem maður finnur að maður er mjúkur og vill því fara inn á völlinn. Verst hvað ég var lengi fyrir utan,“ sagði Einar og hló. „Þetta var flott og hreint út sagt rosalega gaman. Við áttum nóg inni á meðan þeir voru þreyttir. Maður lét sig ekki beint dreyma um svona sigur en þessi fer í sögubækurnar.“ - hbg



HLEMMAR Það fundust skruðningar um alla Globen-höllina þegar þetta faðmleg stóð sem hæst hjá Sigfúsi og Alfreð. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Sigfús Sigurðsson:

Við erum betri

HANDBOLTI „Ég vil hrósa öllu liðinu, sem sýndi mikinn karakter og allir voru að vinna hver fyrir annan,“ sagði Sigfús Sigurðsson, sem fór mikinn í vörn Íslands. „Ég var búinn að segja það áður og ég segi það aftur að við erum betri. Það er mjög einfalt og sást í dag. Við verðum samt að bæta við í seinni leiknum því þeir munu koma alveg vitlausir til Íslands.“ - hbg

Aðrir leikir í undankeppni HM:

Norðmenn unnu á útivelli

HANDBOLTI Hart var barist í öðrum leikjum í undankeppni heimsmeistaramótisins um helgina. Norðmenn unnu Rúmena 30-29 á útivelli og Rússar burstuðu Svisslendina 41-26 og má eiginlega segja að úrslitin séu ráðin í þeirri viðureign.

Tékkar gerðu góða ferð til Serbíu/Svartfjallalands og unnu sex marka sigur og þá vann Ungverjaland nú marka sigur í Slóvakíu. Í Grikklandi unnu heimamenn 27-22 sigur á Póllandi og Slóvenía átti ekki í vandræðum með að vinna Austurríki á heimavelli en úrslitin þar voru 36-26. - egm

LEIKIR GÆRDAGSINS

Undankeppni HM:

SVÍPJÓÐ-ISLAND 28-32
Mörk Íslands, (skot): Snorri Steinn Guðjónsson 7/5 (10/5), Einar Hólmgeirsson 6 (7), Róbert Gunnarsson 5 (7), Arnór Atlason 5 (10), Alexander Petersson 3 (5), Guðjón Valur Sigurðsson 3 (6), Sigfús Sigurðsson 2 (2), Ólafur Stefánsson 1 (8/1).

Hraðaupphlaup: 6 (Snorri 2, Guðjón 2, Alexander, Sigfús).

Fiskud víti: 6 (Alexander 2, Ólafur, Róbert, Guðjón, Snorri)

Útan vallar: Ísland í 16 mín. Svíþjóð í 10 mín.

Mörk Svíþjóðar, (skot): Kim Andersson 8 (17), Stefan Lövgren 6/2 (11/2), Ljubomir Vranjes 5 (8), Fredrik Lindahl 4 (5), Mathias Franzen 2 (3), Marcus Ahlm 2 (2).

Alfreð Gíslason landsliðsþjálfari var að vonum kampakátur með sigur Íslands að loknum leik í Globen í gær:

Það gekk eiginlega allt upp hjá okkur

HANDBOLTI „Ég gat ekki leyft mér að dreyma um fjögurra marka sigur. Ég er mjög ánægður því það gekk eiginlega allt upp sem við vorum að æfa og allar breytingar sem við gerðum skiluðu sér í leiknum. Það voru allir að skila sínu og þó að byrjunin hafi verið erfið óttadist ég ekki neitt því færslan á vörninni var góð og menn voru einbeittir. Ég vissi að við kæmumst aftur inn í leikinn,“ sagði Alfreð Gíslason landsliðsþjálfari vígreifur í leikslok en hann telur sig hafa komið Svíum í opna skjöldu í leiknum.

„Ég held það hafi komið Svíunum mjög á óvart að við skyldum klippa á hægri vænginn hjá þeim en ekki þann vinstri. Þeir hafa eflaust búið sig undir að við tækjum vinstri vænginn og því urðu þeir svolítið hissa. Ég held þeir hafi aðeins vanmetið okkur en þeir gera það ekki lengur. Þetta hljómar kannski asnalega en ég



Í SKÝJUNUM Alfreð var virkilega ánægður enda með gott veganesti fyrir síðari leikinn í næstu viku. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

tel að við eigum samt eitthvað inni.“

Síðari leikur liðanna fer fram í Laugardalshöll á þjóðhátíðardaginn og Alfreðs biður það erfiða verkefni að halda mönnum á jörðinni.

„Hættan liggur í Íslendingunum því núna verður væntanlega byrjað að selja ferðir á HM í Þýskalandi í vikunni ef ég þekki þjóðina rétt. Annars sagði ég við strákana fyrir leikinn að þótt við myndum tapa með 7-8 mörkum værum við ekki dottirnir út og við værum heldur ekki komnir áfram þótt við myndum vinna með fimm. Það stendur enn og ég lít svo á að það séu enn helmingslíkur hjá báðum að komast áfram. Svíarnir eiga mikið inni sóknarlega og við verðum að hafa varann á. Til að fara áfram tel ég okkur þurfa að spila betri leik í Höllinni en hér í dag,“ sagði Alfreð Gíslason landsliðsþjálfari í leikslok. - hbg

Ísland á hraðferð til Þýskalands

Íslenska handboltalandsliðið er komið með annan fótinn á HM í Þýskalandi eftir hreint út sagt magnaðan sigur á Svíum í Globen, 28-32. Síðari leikurinn fer fram í Laugardalshöllinni hinn 17. júní.

HANDBOLTI Fyrri hálfleikur var fyrir margra hluta sakir mjög áhugaverður. Alfreð byrjaði á því að klippa út hægri vænginn hjá Svíum en hann klippti út vinstri vænginn gegn Dönnum og líklegt að Svíar hafi búið við því sama í Globen. Sænska markvarðagrýlan lét á sér kræla strax í upphafi en Peter Gentzel gerði sér lítið fyrir og varði átta fyrstu skot íslenska liðsins. Hann varði alls fjórtán skot í hálfleiknum. Til samanburðar varði Birkir Ívar fimm skot í hálfleiknum.

Fyrsta mark íslenska liðsins kom ekki fyrr en eftir rúmar átta mínútur er Arnór Atlason minnkad í muninn í 3-1. Það var fyrst og fremst stórkostlegur varnarleikur íslenska liðsins sem gerði það að verkum að Svíar stungu ekki af í upphafi leiks. Svíar áttu í miklum vandræðum með að brjóta niður íslenska varnarmúrinn og oftast en ekki misstu þeir boltann eða þröngvudu erfiðu skoti á mark. Það var ekki bara Peter Gentzel sem gerði íslenska liðinu erfitt fyrir í hálfleiknum því strákarnir

voru tveim mönnum færri í eitt skiptið en stóðust samt pressuna. Svo náði Ólafur Stefánsson sér engan veginn á strik í hálfleiknum og því var það ótrúlegt að Ísland skyldi ganga með jafna stöðu til leikhléis, 13-13.

Svíarnir freistuðu þess að keyra upp hraðann í síðari hálfleik og sóknir þeirra styttest verulega. Sjálfstraust íslenska strákanna jókst með hverri mínútu og þeir komust yfir í fyrsta skipti, 17-18, þegar Ólafur Stefánsson skoraði sitt eina mark í leiknum.

Liðið héldust í hendur eftir það en þegar um tíu mínútur lifðu leiks náðu Svíar tveggja marka forskoti, 26-24, og virtust líklegir til að stinga af. Einar Hólmgeirsson skoraði þá gríðarlega mikið mark fyrir Ísland og um leið virtist allur vindur fara úr Svíum.

Íslensku strákarnir færðust að sama skapi allir í aukana og lokaflí leiksins var hreint ótrúlegur. Svíar voru að flýta sér fullmikið og klúðruðu boltanum klaufalega á meðan Ísland raðaði inn mörkum. Þegar upp var staðið fagnaði



KLÓKUR Ólafur Stefánsson skoraði ekki flest mörkin í leiknum í gær en hann var duglegur að finna félagana sína úti um allan völl auk þess sem hann stóð vaktina frábærlega í vörninni. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR



Snorri Steinn Guðjónsson:

Við erum góðir

HANDBOLTI „Við fórum hingað til að vinna enda vitum við vel hvað við getum og við sýndum styrk okkar í dag,“ sagði miðjumaðurinn Snorri Steinn Guðjónsson, sem átti flottan leik en hann stýrði sóknarleiknum eins og hershöfðingi og var öruggur á vítapunktinum.

„Við erum góðir og hittum á rosaleik í dag. Það er hálfur sigur unninn og við þurfum að eiga álfka leik á laugardaginn til að komast á HM. Við megum ekki missa einbeitinguna og vonandi fjölmennir fólk og styður við bakið á okkur.“

GÓÐIR Herbergisfélagarnir og stórvínirir Snorri Steinn og Róbert Gunnarsson voru kátir í leikslok. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR



ÁTÖK Hún var ekki lítil baráttan í Globen-höllinni glæsilegu í gær en bæði lið tóku vel á andstæðingnum. Hér sækir Arnór Atlason að marki Svía en er tekinn föstum tókum. Arnór átti góðan leik í gær og skoraði fimm mörk. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Ísland fjögurra marka sigri, 28-32, en þetta er klárlega einn fræknaasti sigur landsliðsins í háa herrans tíð.

Það má í raun segja að allt sem Alfreð þjálfari lagði upp með hafi gengið upp. Varnarleikurinn var í einu orði sagt stórkostlegur og undirritaður man ekki eftir að hafa séð íslenska handboltalandsliðið spila álfka varnarleik áður. Birkir Ívar stóð síðan fyllilega fyrir sínu í markinu. Það er erfitt að taka menn út eftir slíkan leik enda var liðsheildin gríðarlega

sterk og liðið sýndi mikinn karakter með því að halda haus eftir mjög erfiða byrjun. Allir lögðu sitt á vogarskálarnar og voru klárir í verkefnið. Ísland er komið með annan fótinn til Þýskalands og vonandi verður Höllin full í seinni leiknum þegar strákarnir klára verkefnið.



SVÍPJÓÐ - ÍSLAND
 HENRY BIRGIR GUNNARSSON
 skrifar frá Stokkhólmi.
 henry@frettabladid.is



LÍF Á BEKKNUM Það var líf og fjör á íslenska bekknum allan leikinn gegn Svíum. Alfreð Gíslason er hér hreykinn á svip á meðan Guðmundur Guðmundsson fylgist spennur með. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR



SIGURMARKINU FAGNAÐ Pauleta er hér vel fagnað af liðsfélögum sínum í gær.

NORDICPHOTOS/AFP

Heimsmeistaramótið í gær:

Portúgal lagði Angólamenn

FÓTBOLTI Flestir bjuggust við því að Portúgal myndi sýna fyrstum nýlendu sinni Angóla í sjö heimana á heimsmeistaramótinu í knattspyrnu í gær en svo fór ekki. Baráttuglaðir Angólamenn bitu frá sér og sýndu mikla baráttu sem dugði þó ekki til jafnteflis.

Þrátt fyrir það voru það leikmenn Portúgal sem sáu aðallega um að sækja og eftir aðeins þrettán sekúndur hafði Pauleta skotið rétt framhjá úr dauðafæri. Sóknarmaðurinn gerði þó engin mistök þrem mínútum seinna þegar hann skoraði auðveldlega eftir góðan undirbúning Figo, sem lék við hvern sinn fingur í leiknum.

Sigur Portúgala var aldrei í hættu en þeir fengu næg tækifæri til að skora fleiri en það eina mark sem þeir gerðu. Angólamenn sýndu litla sóknartakta og verða að laga það hið snarasta ef þeir ætla sér að skora í riðlakeppninni.

- hþh



BRAVO Omar Bravo skoraði tvö mörk í gær.

NORDICPHOTOS/AFP

Heimsmeistarakeppnin í gær:

Góður sigur Mexíkó á Íran

FÓTBOLTI Mexíkó vann 3-1 sigur á Íran í D-riðli Heimsmeistarakeppninnar í gær en leikið var í Nürnberg. Íranar áttu góðan fyrri hálfleik og voru betra liðið á vellinum ef eitthvað var. Staðan var 1-1 í leikhléi en í síðari hálfleik var allur vindur úr liðinu og Mexíkóar gerðu út um leikinn með tveimur mörkum á skömmum tíma.

Það var Omar Bravo, leikmaður Guadalajara í heimalandinu, sem kom Mexíkó yfir á 28. mínútu með marki sem kom í kjölfarið á aukaspyrnu en tíu mínútum fyrir hálfleik jöfnuðu Íranar með marki varnarmannsins Yahya Golmohammadi. Í seinni hálfleik ætlaði Íran að halda fengnum hlut en það gekk illa og Mexíkóar sýndu hvað í þeim býr með tveimur mörkum. Bravo skoraði sitt annað mark eftir varnarmistök og það var síðan Zinha sem gulltryggði sigurinn með flottu skallamarki.

Faðir Oswaldo Sanchez, markvarðar Mexíkó, lést þremur dögum fyrir leikinn en hann ætlaði að fylgjast neð syni sínum í Þýskalandi. Mexíkóar tileinkuðu minningu hans sigurinn.

- egm



C-riðill:

SERBÍA/SVARTFJALLALAND-HOLLAND 0-1
0-1 Arjen Robben (17.)

D-riðill:

MEXÍKÓ-ÍRAN 3-1
1-0 Omar Bravo (28.), 1-1 Yahya Golmohammadi (36.), 2-1 Omar Bravo (76.), 3-1 Antonio Zinha (79.).

ANGÓLA-PORTÚGAL 0-1
0-1 Pauleta (4.).

Holland vann eins marks sigur á Serbíu/Svartfjallalandi í C-riðli í gær:

Arjen Robben í banastuði

FÓTBOLTI Hollendingar unnu 1-0 sigur á Serbíu/Svartfjallalandi í Leipzig í gær og komust því upp að hlið Argentínumanna í C-riðlinum. Besti maður vallarins var Arjen Robben, hinn ungi vængmaður Chelsea, sem sýndi oft á tíðum mögnuð tilþrif og var hetjan með því að skora eina markið. Hann skoraði á átjándu mínútu eftir góða sendingu Robin van Persie, slapp einn í gegn og kláraði færð listilega vel.

Hollendingar voru betra liðið í fyrri hálfleiknum og fengu þeir mikið pláss frá Serbunum. Robben var nánast allt í öllu og fór á kostum. Stuttu eftir mark sitt var hann nálægt því að bæta öðru við en Dragoslav Jevric varði meistaralega. Í seinni hálfleik hægðist nokkuð á leiknum, hollenska liðið færðist aftar á völinn og ákvað að reyna að halda fengnum hlut. Meira líf færðist í mótherjana og loks fóru þeir að sýna sitt rétta andlit.

Þrátt fyrir nokkrar mjög efnilegar sóknir náðu þeir þó ekki marki og hollenska liðið fékk því stigin þrjú. Sigur Hollands var fyllilega sanngjarn en illa gekk hjá Serbum að skapa sér færi og oft á tíðum vantaði herslumuninn.



MAÐUR LEIKSINS Arjen Robben var langhættulegasti leikmaður Hollands í gær en hér fagnar hann með Robin van Persie.

NORDICPHOTOS/AFP

Savo Milosevic var nokkuð sprækur í fyrri hálfleiknum en gat ekki tekið þátt í þeim síðari vegna meiðsla.

„Ég er mjög ánægður með frammistöðu mína, sérstaklega í seinni hálfleik. Ég veit að ég get gert betur en í seinni hálfleiknum,

hitinn var þá farinn að hafa mikil áhrif á leikinn. Það sem mestu máli skiptir er samt að við náðum sigri,“ sagði Robben en hann lék Nenad Djordjevic, hægri bakvörð Serba, grátt og endaði það með því að Djordjevic var skipt af velli fyrir hálfleik.

- egm

HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

JÚNÍ

9 10 11 12 13 14 15

Mánudagur

LEIKIR

19.15 Breiðablik og Þór/KA mætast í Landsbankadeild kvenna í knattspyrnu á Kópavogsvelli.

19.15 Fylkir og Keflavík mætast í Landsbankadeild karla í knattspyrnu á Fylkisvelli í Árbænum.

20.00 Haukar og Fram mætast í 1. deild karla í knattspyrnu á Ásvöllum.

SJÓNVARP

12.30 HM stúdíó á Sýn. Þróttafréttamenn Sýnar fá góða gesti í heimsókn í HM stúdíóið.

12.50 HM í fótbolta á Sýn. Bein útsending frá leik Ástralíu og Japan í F-riðli.

15.00 HM stúdíó á Sýn.

15.50 HM í fótbolta á Sýn. Bein útsending frá leik Bandaríkjamanna og Tékkna í E-riðli.

18.00 HM stúdíó á Sýn.

18.50 HM í fótbolta á Sýn. Bein útsending frá leik Ítalíu og Gana í E-riðli.

21.00 4-4-2 á Sýn. HM-uppgjör dagsins.

LITUR VEL ÚT
SANTA FE

Hyundai kynnr nýja kynslóð sportjeppa, sem færir þér það besta úr mörgum heimum. Stílhreinn fólksbíl í lúxusflokki, rúmgóður fjölskyldu- og frístundabíll eða ferðafrelsi dugmikils jeppa. Þitt er valið. Þá er Santa Fe glæsilegur fararkostur sem vekur hvarvetna eftirtekt fyrir fagaða hönnun og áræðna eiginleika. Láttu þér ekki bregða, heldur njóttu athyglinnar.

NJÓTTU ATHYGLINNAR!
NÝR SANTA FE



Með bílinn handa þér

HYUNDAI hefur gæðin

B&L Grjóthálsi 1 110 Reykjavík 575 1200 www.bl.is

Keflavík 421 4444

Akranes 431 2622

Akureyri 461 2533

Egilsstaðir 471 2524

ÚR BÍÓHEIMUM

Í hvaða kvikmynd hljómaði þessi setning:

„I don't know what to do anymore. Except maybe die.“

Svar: Jim Stark úr Rebel Without a Cause

dagskrá



VIÐ TÆKIÐ FREYR BJARNASON HLUSTAÐI Á BLÚSARA FARA Á KOSTUM

Gallaður samningur við djöfulinn

Það er alltaf jafnánægjulegt að hlusta á vandaða útvarpsþætti þar sem fróðleikurinn flæðir af vörum umsjónarmanna.

Þáttur Ingólfs Margeirssonar um Bítlanu var á sínum tíma afar áhugaverður þar sem hlustandanum var drekkt í alls konar fróðleik um hina fjóra fræknu. Nýverið fór af stað á mánudagskvöldum þátturinn Uppruni tegundanna á Rás 2 í umsjón Kristins Pálssonar þar sem kafað er djúft ofan í uppruna hinna ýmsu tónlistarstefna, rétt eins og Ingólfur gerði með Bítlanu.

Í síðasta þætti var fjallað um hina ýmsu blúsara, sögu þeirra, tónlistarstíla og að sjálfsögðu voru löggin þeirra spiluð. Nefndir voru vinsælir tónlistarmenn í dag sem hafa sótt innblástur í smíðju þessara




ROBERT JOHNSON Gítarleikarinn þekkti Robert Johnson er goðsögn í tónlistarheiminum.

kappa og kryddaði það þáttinn á skemmtilegan hátt.

Gaman var að heyrja sígildu söguna af Robert Johnson og samningi hans við djöfulinn á krossgötunum frægu. Var hann sagður hafa selt sálu sína kölska fyrir ótakmarkaða gítarhæfileika. Samt sem áður var hann svo feiminn að hann vildi helst ekki stíga fæti í hljóðver og þegar hann gerði það vildi hann ekki spila nema hann sneri baki í upptökustjóran.

Já, það var greinilega ekki nóg fyrir Johnson að gera samning við djöfulinn því hann átti í mestu erfiðleikum með að koma sníld sinni á framfæri. Engu að síður var hann rétt eins og svo margir aðrir frum-blúsarar frábærir tónlistarmenn sem lifðu sig algjörlega inn í tónlist sína, sem skiptir auðvitað öllu máli þegar tónlist er annars vegar.



22.25
Spenna

LOST




20.50
Gaman

HUFF




20.30
Drama

JAKE IN PROGRESS



19.45
Drama

MELROSE PLACE



21.10
skýringar

60 MÍNÚTUR

SIJÓNVARPIÐ



SIRKUS TV

SKJÁREINN



7.00 Ísland í bítíð 9.00 Bold and the Beautiful 9.20 Í finu formi 2005 9.35 Oprah (67:145) 10.20 My Sweet Fat Valentina 11.10 Veggfóður (19:20) 12.00 Hádegisfréttir 12.25 Neighbours 12.50 Í finu formi 13.05 Home Improvement 13.30 The Beverly Hillbillies 15.00 Oliver Beene 15.25 You Are What You Eat 16.00 Bamatími Stöðvar 2 17.00 Bold and the Beautiful 17.22 Neighbours 17.47 The Simpsons 18.12 Íþróttfréttir

16.40 Helgarsportíð 17.05 Leiðarljós 17.50 Táknálsfréttir 18.00 Myndasafnið 18.01 Alda og Bára (5:26) 18.06 Bú! (17:26) 18.16 Lubbi læknir (15:52)

18.30 Vistaskipti (3:26) (Foreign Exchange) 19.00 Fréttir, íþróttir og veður 19.35 Kastljós 20.05 Kóngur um stund (1:12) Hestamenn eru þekktir fyrir að vera lífsglatt og uppátækjasamt fólk – og við fáum að kynna mörgum þeirra, landsþekktum sem lítt þekktum, í þættinum Kóngur um stund í sumar. 20.40 Svona var það (That 70's Show) Bandarísk gamanþáttaröð. 21.05 Svört tónlist (6:6) (Soul Deep: The Story of Black Popular Music) Breskur heimildarmyndaflokkur. 22.00 Tiufréttir 22.25 Lífsháski (45:49) (Lost II) Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.

23.10 Út og suður 23.35 Kastljós 0.00 Dagskrárlök

STÖÐ 2 BÍÓ

6.00 Runaway Jury (Bönnuð börnum) 8.05 Moonlight Mile 10.00 Hair 12.05 Cat in the Hat 14.00 Moonlight Mile 16.00 Hair 18.05 Cat in the Hat 20.00 Runaway Jury (Spilltur kvíddómur) Hágæðaspennumynd. Aðalhlutverk: John Cusack, Gene Hackman, Dustin Hoffman, Rachel Weisz. Leikstjóri: Gary Fleder. 2003. Bönnuð börnum. 22.05 Cellular (Gemsinn) Kynngimagnaður spennutryllir

með Kim Basinger í aðalhlutverki. Hvað tekurðu til bragðs ef einhver hringir í gemsann þinn, segist vera í bráðri lífshættu og að fornarlömbin eigi eftir að vera fleiri? 2004. Stranglega bönnuð börnum. 0.00 Ghost Ship (Stranglega bönnuð börnum) 2.00 Point of Origin (Stranglega bönnuð börnum) 4.00 Cellular (Stranglega bönnuð börnum)

23.15 Medium (B. börnum) 23.55 Maelström 1.25 Muggers (B. börnum) 3.00 Half Past Dead (Str. bönnuð börnum) 4.35 Huff (B. börnum) 5.30 Fréttir og Ísland í dag 6.35 Tónlistarmyndbönd frá Popp Tívi

OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

E! ENTERTAINMENT

12.00 E! News Weekend 13.00 THS Lindsay Lohan 14.00 101 Even Bigger Celebrity Oops! 15.00 101 Even Bigger Celebrity Oops! 16.00 101 Even Bigger Celebrity Oops! 17.00 101 Even Bigger Celebrity Oops! 18.00 E! News Weekend 19.00 THS Hugh Hefner: Girlfriends, Wives & Centerfolds 21.00 Sexiest 22.00 Dr. 90210 23.00 E! News Special 23.30 Wild On Tara 0.00 THS Hugh Hefner: Girlfriends, Wives & Centerfolds 2.00 101 Even Bigger Celebrity Oops!

AKSJÓN

Fréttarútturinn Kortar er sýndur kl.18.15 og endursýndur á klukkutíma fresti til kl. 9.15



RENAULT

Vönduð frönsk hönnun
Einstök þægindi
Fallegir litir
5 stjörnu NCAP öryggi
Einstaklega sparneytinn
Hlaðinn staðalbúnaði
3 ára ábyrgð

Bílasamningur / Bílalan
kr. 23.099 á mánuði*

B&L Grjóthálsi 1 575 1200 www.bl.is

Vertu á öruggasta bílnum*
Vertu á flottum bíl
Veldu Renault



Aukahlutir á mynd: Dynamic útfærsla, vindkljúfasett.

Alls hafa átta bílar frá Renault fengið 5 stjörnur eða hæstu einkunn í öryggisprófunum Euro NCAP, sem er meira en tvöfalt betri árangur en hjá öðrum bílaframleiðendum.

Bílasamningur miðast við 70% lánshlutfall í 84 mánuði.



VIÐ MÆLUM MEÐ ...

Kóngur um stund

Ríkissjónvarpið kl. 20.05

Kóngar og hestarnir þeirra

Hestaþátturinn Kóngur um stund var í fyrsta skipti á dagskrá í fyrra og má segja að þátturinn hafi slegið í gegn hjá áhugafólki um hesta og öðrum. Í fyrsta þætti sumarsins af Kóngi um stund hittum við mann sem ekki væri á lífi nema af því hann fékk kaplamjólk sem ungbarn og ólst upp á henni. Þetta er enginn annar en hinn áttæði stórleikari og hestamaður Gunnar Eyjólfsson, sem ásamt dætrunum Karítas og Þorgerði Katrínu, menntamálaráðherra, heldur hross í einu flottasta hesthúsi landsins. Myndlistarmaðurinn Baltasar er kunnur fyrir málverk sín af meðal annars hestum, sem hann segist mála af því hann elskar þá og vegna þess að allir litir heimsins finnast í íslenska hestinum, nema grænn. Merkilægir hestar og skemmtilegt fólk í Kóngi um stund.



HM Í ÞÝSKALANDI SPARKSÉRFRÆÐINGAR SÝNAR SPÁ Í SPILIN

Logi Bergmann Eiðsson

Ástralía - Japan kl. 13.00

1-2
Það eru of margir í ástralska liðinu sem hafa spilað með Leeds til að þeir hafi þetta.

Bandaríkin - Tékkland kl. 16.00

1-2
Kanarnir komast yfir en þeir hafa þetta ekki alveg. Vantar aðeins meira malt í þá.

Ítalía - Gana kl.19.00

2-1
Ítalirnir hafa þetta á seiglunni og þeir skora sigurmarkið á 83. mínútu.



▶ 18.50
HM

ÍTALÍA-GANA



7.45 HM 2006 (Angóla – Portugal) 9.30 NBA – úrslitakeppnin 11.30 4 4 2

12.30 HM 2006 – spjall 12.50 HM 2006 (Ástralía – Japan) 15.00 HM 2006 – spjall 15.50 HM 2006 (Bandaríkin – Tékkland) 18.00 HM 2006 – spjall

▶ 18.50 HM 2006 (Ítalía – Gana) Bein útsending frá leik Ítalíu og Gana sem leika í E-riðli á HM 2006. Afríkubjóðin Gana hefur átt marga skemmtilega knattspyrnumenn í gegnum tíðina og spurning hvort þeir komi á óvart í fyrsta leik gegn knattspyrnuþjóðinni Ítalíu.

21.00 4-4-2 HM uppgjör dagsins í umsjá Þorsteins J og Heimis Karlssonar. Þeim til halds og trausts eru íþrúttafrettamenn Sýnar og fleiri sérfræðingar. Fjallað er um nánast allt milli himins og jarðar sem tengist keppninni og knattspyrnulístinu.

22.00 HM 2006 (Ástralía – Japan) Útsending frá leik Ástralíu og Japan sem fram fór fyrr um daginn.

23.45 HM 2006 (Bandaríkin – Tékkland) 1.30 HM 2006 (Ítalía – Gana)

RÁS 1 FM 92,4/93,5



6.50 Bæn 7.05 Veðurfregnir 9.05 Laufskálinn 10.03 Veðurfregnir 10.13 Stefnuþót 11.03 Samfélagið í nærmynd

12.20 Hádegisfréttir 13.00 Vít og breitt 14.03 Útvarpsagan 14.30 Miðdegistónar 15.03 Andi Andalúsíu 16.13 Hlaupanótan 17.03 Viðsjá 18.00 Kvöldfréttir 18.25 Spegillinn 19.00 Litla

flugan 19.40 Laufskálinn 20.20 Kvöldtónar 21.00 Framtíð lýðræðis 21.55 Orð kvöldsins 22.15 Kvöldsagan: Drekar og smáfuglar 23.00 Á slóðum Mozarts

0.10 Útvarpað á samtengdum rásum

RÁS 2 FM 90,1/99,9



6.05 Morguntónar 6.30 Morgunútvarp Rásar 2 9.05 Brot úr degi

12.20 Hádegisfréttir 12.45 Poppland 16.10 Síðdegisútvarpið 18.24 Auglýsingar 18.25

Spegillinn 19.30 Á vellinum 22.10 Uppruni tegundanna 0.10 Popp og ról 1.10 Næturtonar

BYLGJAN FM 98,9



7.00 Ísland í bítið 9.00 Ívar Guðmundsson

12.00 Hádegisfréttir 12.20 Óskalahádeggi 13.00 Rúnar Róberts 16.00 Reykjavík Síðdegis

18.30 Kvöldfréttir og Ísland í dag 19.30 Bjarni Ólafur / Ívar Halldórs 1.00 Ragnhildur Magnúsdóttir

AÐRAR STÖÐVAR



FM 90,9 TALSTÖÐIN
FM 99,4 ÚTVARP SAGA
FM 95,7 FM957 / Topp tónlistarstöðin
FM 102,2 Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp
FM 102,9 Lindin / Kristlegt efni
FM 96,7 Lítt Bylgjan / Tónlist og afþreying
FM 105,5 Útvarp Boðun / Kristlegt efni
FM 89,5 Kiss / Nýja bítið í bænum
FM 88,5 XA-Ríadió / 12 spora efni
FM 91,9 XFM / Tónlist og afþreying
FM 97,7 X-ið / Enginn viðbjóður

SUMARHÚSAEIGENDUR - FELLIHÝSAEIGENDUR ATH! NÚ STANDA YFIR

DÝNUDAGAR!!!

HEILSURÚM með tvöföldu fjaðrakerfi

Verð frá: kr. 29.520 **20%** Afsláttur

Stærðir: 70 x 200 cm. 80 x 200 cm. 90 x 200 cm. 100 x 200 cm. 120 x 200 cm. 140 x 200 cm. 160 x 200 cm. 180 x 200 cm.

YFIRDÝNUR gera rúmið þitt notalegra **20%** Afsláttur

EGGJABAKKADÝNUR Verma og mýkja **30%** Afsláttur

Allar stærðir

SPRINGDÝNUR Verð frá: kr. 9.520 **20%** Afsláttur

Stærðir: 70 x 200 cm. 80 x 200 cm. 90 x 200 cm. 100 x 200 cm. 120 x 200 cm. 140 x 200 cm. 160 x 200 cm. 180 x 200 cm.

SÉRSKORINN SVAMPUR **20%** Afsláttur

SVAMPDÝNUR EFTIR MÁLI **20%** Afsláttur

KODDAR OG SÆNGUR **20%** Afsláttur

SVEFNSÓFAR **20-40%** Afsláttur

ÞAR SEM FAGMENNSKA OG FJÖLBREYTNÍ FARA SAMAN

Opið virka daga 10-18 og laugardaga 11-15

Reykjavík: Mörkin 4, s: 533 3500 Akureyri: Hofsbót 4, s: 462 3504 Egilsstaðir: Miðvangur 1, s: 471 2954



HRÓSIÐ

...fær Ómar Ragnarsson fyrir að gefa út nýja plötu þar sem Bubbi syngur dúett með honum.

SÉRFRÆÐINGURINN: EVA DÖGG ÞÓRSDÓTTIR

Landsmótið er toppurinn

Á vorin fyllast göturnar af mótórafakum af öllum stærðum og gerðum sem eigendurnir þenja sem mest þeir mega, sérstaklega þegar veðrið er gott. Eva Dögg Þórsdóttir, stoltur eigandi Kawasaki ZX6R og fjölmiðlafulltrúi bifhjólasmatakanna Sniglanna, er að sjálfsögðu farin að þeysa um á sínum

HIPPI hér má sjá dæmi um hippha hjól en mótórhjól skiptast í tvo flokka, hippa og Raiser hjól.



mótor-
í ár spila hljómsveitir öll kvöldin og

fáki og biður spennt eftir landsmóti félagsins. „Landsmótið er toppurinn á sumrinu og í ár verður það haldið dagana 29. júní til 2. júlí í Hrífunesi, sem er í um 20 mínútna akstursfjarlægð frá Kirkjubæjarklaustri,“ segir Eva. Mikíð er um dýrðir á þessum landsmótum, sem iðulega eru vel sótt af hjólaáhugamönnum.

keppt er í ýmsum greinum eins og venjulega. „Á föstudeginum sameinast allir í súpumáltið en þá er elduð súpa í risastórum potti ofan í allan hópinn.“ Tæplega 1.800 manns eru í Sniglunum sem eru 22 ára gömul samtök, en Eva Dögg telur að um 3.000 mótórhjól séu á landinu. Aðspurð að því hvert sé flottasta mótórhjól allra tíma á hún erfitt með að svara. „Mótórhjól skiptast eiginlega í tvo flokka: raiserhjóll og hippa, og það er misjafnt af hvorum hjólunum fólk er hrifnara. Ég verð samt að segja að þegar Kawasaki ZX10'88 kom á markað varð umblytting í raiser-græjunum.“

- snæ



EVA DÖGG ÞÓRSDÓTTIR Brunar um götur borgarinnar á mótórfaki í sumar og ætlar líka á landsmót Sniglanna. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

1		2	3	4	5
6	7		8		
9		10		11	
12			13		
	14				15
16			17		
18		19		20	
21					

LÁRÉTT

2 afl 6 bardagi 8 andi 9 kóf 11 skóli
12 étur allt 14 löður 16 sjó 17 æðri
vera 18 knæpa 20 guð 21 eining.

LÓÐRÉTT

1 hita 3 í röð 4 ataður 5 fæða 7
raddfæri 10 hæfileikamikill 13 kaðall
15 megin 16 gerast 19 utan.

LAUSN

LÖBRET: 1 baka, 3 rs, 4 kamaður, 5
18 krá, 20 ra, 21 eind.
LÁRÉTT: 2 orka, 6 at, 8 sál, 9 kaf, 11
ma, 12 alæta, 14 fróða, 16 sár, 17 guð,

VEISTU SVARID

Svör við spurningum á bls. 8

1. Á Íslandi.
2. Einar K. Guðfinnsson.
3. Bubba Morthens.

Upplýsingar í síma 590 2525
Textavarp: Stöð 2 • 150-153
RÚV • 281, 283 og 284

Vinningstölur laugardaginn 10.6.2006

1 17 19 21 30

Bónustala 8

Tvöfaldur 1. vinningur nk. laugardag

Jóker 7 6 5 8 6

Fyrsti vinningur gekk ekki út.

VÍKINGA
LOTTO Alltaf á miðvikudögum

Vinningstölur miðvikudaginn 7.6.2006

Aðaltölur 9 10 16 19 25 40

Bónustölur Ofurtala 18 34 8

Einfaldur 1. vinningur nk. miðvikudag

Jóker 9 4 9 7 0

Fyrsti vinningur gekk ekki út.

Blit með tynnara um prentbílur

SIGRÍÐUR ÓSK KRISTJÁNSDÓTTIR: Á HRAÐLEIÐ UPP STJÖRNUHIMIN ÓPERUNNAR

Lærir þar sem stærstu óperustjörnurnar fæðast

„Ég enda pottþétt á Íslandi, þar er best að vera,“ segir Sigríður Ósk Kristjánsdóttir mezzo-sópran, sem nú fetar í fótspor fremstu óperusöngvara á Bretlandi en hún hefur nám við hinn þekktu óperuskóla Benjamin Britten International Opera School við Royal College of Music í London í haust. Nokkur hundruð manns sóttu um og fóru í inntökupróf en aðeins tíu manns eru teknir inn á ári. Þetta er tveggja ára óperunám í einum eftirsóttasta skóla Englands í dag. Þarna kemur fólk frá ýmsum löndum, til dæmis Suður-Afríku, Norðurlöndunum, Bandaríkjunum og núna Íslandi,“ segir Sigríður og segir það mikinn heiður að hafa komist inn í skólann.

Fram undan hjá söngkonunni ungu er annað skemmtilegt verkefni, því hún var valin úr stórum hópnum umsækjenda til þess að syngja með British Youth Opera í haust, en það er óperufélag sem setur upp sýningar með fólki sem er að klára óperunám og er yngri en þrjátíu ára. „Þetta er gott tækifæri til þess að sýna sig og mynda sambönd, en að óperunni koma virtir stjórnmendur og leikstjórar úr óperuheiminum í Bretlandi,“ segir Sigríður Ósk. Hún mun fara með hlutverk Filipyevnu í óperunni Eugene Onegin eftir Tsjaikovsky.

Sigríður Ósk er nú í meistaranámi í söng í Royal College of Music. „Nú er ég aðallega í óperunni, klassískri óperu. Það er leikhúsið sem mér finnst svo spennandi, leikhús og tónlist í bland,“ segir Sigríður, sem hefur lítinn áhuga á að syngja í söngleikjum í augnablikinu. En fá óperuunnendur á Íslandi að sjá hana í framtíðinni? „Draumurinn er að fá að vinna að spennandi sýningum með góðu fólki og það skiptir ekki máli hvar það er. Bransinn er þannig að fólk er mikíð á ferðinni, ég myndi vilja flakka svolítið



SIGRÍÐUR ÓSK KRISTJÁNSDÓTTIR Sigríður komst inn í virt óperufélag í Bretlandi.

milli landa. En ég verð örugglega eitthvað í Englandi til að byrja með því ég er búin að mynda sambönd,“ segir Sigríður Ósk. Hún saknar þó Íslands mikíð og er ákveðin í að enda flakkið á Íslandi.

En hvað skyldi vera uppáhalds-óperan hennar? „Það er nú svo oft

þannig að tónlistin sem maður er að hlusta á í augnablikinu er alltaf best, og þess vegna er óperan sem ég er að vinna í núna uppáhaldið mitt. Hún heitir L'Enfant og er eftir Ravel,“ segir Sigríður, en Madame Butterfly eftir Puccini og Carmen eftir Bizet eru einnig efst á blaði.

Samdi dansleikverk um boðorðin tíu

Verk Mörtu Nordal sigraði í Dansleikhússamkeppninni 25 tímar sem haldin var á fimmtudagskvöld í Borgarleikhúsinu. Marta er lærd leikkona en er hrifin af dansleikhúslífinu. „Þessi keppni gefur fólki tækifæri til að sýna sig og koma með nýjar hugmyndir. Það er alltaf verið að leita að einhverju nýju og þarna geta allir tekið þátt, myndlistarmenn, tónlistarfólk, og fólk úr leik- og dansheiminum og það er svo skemmtilegt,“ segir Marta, en hún vonast til þess að vinna meira með listformið í framtíðinni. „Þetta form tengir saman tvær listgreinar og veitir þér möguleika að gera mjög fjölbreytta hluti. Þetta er svo opið, þú getur tjáð hluti meira abstrakt

í dansi en í leikhúsi. Í dansleikhúsinu ertu ekki að njörva þig niður í einhverju ákveðnu formi,“ segir Marta, en hún var lengi í ballet og dansi þegar hún var yngri og hefur því ágætisbakgrunn.

Marta segir að samstarfið með leikurunum og dönsurunum, sem voru alls sex í verkinu, hafi verið mjög gefandi. „Það er svo skemmtilegt að vinna með svona atvinnufólki, gaman að vera í dýlóg með listamönnum sem hafa skoðanir á hlutunum. Það er gulls ígildi,“ segir Marta. Hún hefur ekki sest í leikstjórastólinn í atvinnuleikhúsi áður og segir það hafa verið skemmtilegt verkefni að sjá um verkið frá A til Ö. Viðfangsefni Mörtu í dansleik-

hússamkeppninni voru boðorðin tíu. „Mig langaði til að sýna hvernig við erum alltaf að brjóta boðorðin í okkar daglega lífi. Hluti af óhamingju okkar stafar af því að við brjótum boðorðin, höldum framhjá, stelum, tölum illa um manneskjuna, og gerum grín að trúnni,“ segir Marta, en hún hefur undanfarið verið að leika í Viltu vinna milljón fyrir fullu húsi. „Ég var einmitt að sýna það verk þegar frumsýningin var, þannig að ég kom bara beint í verðlaunaafhendinguna,“ segir Marta hlæjandi. Fram undan hjá leikkonunni og dansleikhúshöfundinum er að leika í Mein Kampf á Nýja sviðinu í Borgarleikhúsinu en æfingar á því hefjast í næstu viku.

FRÉTTIR AF FÓLKI

Útvarpsmaðurinn Magnús Einarsson hefur ákveðið að hætta með vinsæla morgunþætti sína á Rás 2 og snúa sér að öðrum verkefnum hjá stöðinni. Rödd Magnúsar hefur vakið hlustendur stöðvarinnar síðustu misseri og ljóst er að margir eiga eftir að sakna kappans af þeim vettvangi. Á móti kemur þó að Maggi byrjaði í gær með nýjan þátt í félagi við Sniglabandið sem verður eftirleidis á dagskrá á sunnudögum. Þá mun hann einnig aðstoða herramennina í Popplandi, þá Óla Palla, Guðna Má og Ágúst Bogason.



Undirbúningur stendur nú sem hæst fyrir sjónvarpsþættina FC Nörd sem sýndir verða á Sýn í haust. Þættirnir eru sem kunnugt er gerðir eftir sænskri fyrirmynd en þeir þættir hafa vakið mikla athygli á Sýn að undanförmu. Hellisbúinn Bjarni Haukur Þórsson stýrir áheyrnarprufunum þessa dagana en nú er búið að fækka áhugasömum úr 100 og niður í 30. Einingun 16 nördar verða svo eftir þegar lokaúrtaðið hefur verið valið. Eins og Fréttablaðið hefur áður greint frá er búist við því að Logi Ólafsson taki að sér að þjálfra lið nördanna svo það stefnir allt í áhugaverða þætti í haust.

Geisladiskasala Dr. Gunna vakti mikla athygli eftir að Fréttablaðið greindi frá henni á föstudag. Gunni hafði áður auglýst sölu á heimasíðu sinni og þetta framtak mæltist afar vel fyrir því vel á annað hundruð manns fengu lista yfir diska hans senda með kaup í huga. Hægt er að fylgjast með þessu og öðrum ævintýrum Doktorsins á heimasíðu hans, this.is/drgunni. Ástæða þess að hann ákvað að selja alla diskana var sú að hann uppgötvaði að hann hlustar lítið sem ekkert á þá lengur, tölvan og plötu-spilarinn duga honum vel. Eftir að söngkonan Heiða Eiríksdóttir keypti af honum alla geisladiskarekka hans varð svo ekki aftur snúið.

- hdm



MARTA NORDAL Marta var að leika í Viltu vilja milljón og missti því af sýningunni, en kom í tæka tíð fyrir verðlaunaafhendinguna.

VERKFAERIN Í GARÐINN

Byggingavörverslun fyrir framkvæmdafólk og fagaðilia



kr. 18.900

Gashitari



kr. 19.990

Greinatæteri



frá kr. 690

Garöslöngur



kr. 29.500

Útigrill og arinn



Allar skrúfur og boltar fyrir þallinn



kr. 13.950

Bútasög

Malarhrífa	kr. 690
Gaffall 4 tinda	kr. 1.390
Stunguskófla	kr. 1.395
Kantskeri	kr. 1.490
Beðaskafa m/skafti	kr. 740
Plöntuskófla Fiskars	kr. 370
Plöntugaffall Fiskars	kr. 390
Plöntuklóra Fiskars	kr. 465

Slöngutengi og úðarabyssur í góðu úrvali

Opið alla virka daga 8-18 og laugardaga 10-15

Bæjarhrauni 8
Sími: 414 6080
www.superbygg.is

SÚPERBYGG
- meira fyrir minna



FRÉTTABLAÐIÐ

SÍMANÚMÉR FRÉTTABLAÐSINS: 550 5000, fax: 550 5099 Rítstjórn: 550 5005, fax: 550 5006, ritstjorn@frettabladid.is
DREIFING: dreifing@posthusid.is Auglýsingadeild: auglysingar@frettabladid.is Veffang: visir.is

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR

SMÁUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000

Drögum ó morgun Átt þú miðo?



HAPPRÆTTI
HÁSKÓLA ÍSLANDS
800 6611 - www.hhi.is



BAKÞANKAR

PRÁINS BERTELSSONAR

Skyldan kallar!

Í þjóðskrá er að finna átta konur sem bera nafnið Jóna Sigurðardóttir; þrjár þeirra búa á Reykjavíkursvæðinu en hinar búa á Dalvík, Akureyri og í Tálknafirði, Borgarnesi og Þorlákshöfn. Einnig eru á landinu 93 karlmenn sem heita Jón Sigurðsson. Þar af eru 55 búsettir í Reykjavík og nágrenni en hinir eru úti um landsins dreifðu byggðir.


SÍMASKRÁIN gefur til kynna að Jónar og Jónur Sigurðarbörn séu þrýðilega að sér til munns og handa því að þarna er að finna bifreiðarstjóra, bókhaldara, bændur, pianóleikara, prentara, rafvirkja, húsasmið, lækni og kjötiðnaðarmann, fulltrúa, framkvæmdastjóra, útgerðar- og verslunarmenn svo að eitthvað sé nefnt. Þessi hópur á reyndar það sameiginlegt með þeim 63 einstaklingum sem sitja á Alþingi að konur eru í minnihluta. Að öðru leyti virðist bakgrunnur þeirra sem bera nafn Jóns Sigurðssonar forseta vera mun fjölbreyttari en þeirra 63 persóna sem nú sitja á þingi.

NÚ eru góð ráð dýr úr því að svo er komið að stjórnálmenn hafa misst móðinn og treysta öðrum betur en kjörnum fulltrúum til trúnaðarstarfa. Með því að kalla á vettvang alla Jóna og Jónur Sigurðarbörn á landinu til að leysa af hólmi fólk sem hefur fengið ofnæmi fyrir kosningum er fundin leið til losa okkur öll við auglýsingar, umstang og ófrið sem fylgir lýðræðisstússi.

ÞETTA væri að vísu þungbær skylda fyrir fórnarlömbin sem tilheyra þessum þjóðfélags-hópi, en eins og Jón Sigurðsson sem fyrst var skyldaður til að hita upp sæti í Seðlabankanum og síðan skyldaður til að verða ráðherra sagði svo hnyttilega: „Allir verða að gera skyldu sína.“

ÞJÓÐIN hefur alltaf haft dálæti á svona hulduhrútslegum yfirlýsingum. Um það vitnar þessi vísa:

„Sóma stundar, aldrei ann örgu pretta táli.
Dóma grundar, hvergi hann hallar réttu máli.“



„Okkur finnst gaman að fara út á land en ég nenni ekki að keyra eitthvað skrímsli.“

FORESTER

SUBARU

Subaru Forester er mun öflugri en margir stærri jeppar en samt lipur og léttur í akstri. Gerðu samanburð á verði, stærð, krafti og endingu, þú kemst alltaf að sömu niðurstöðu. Forester er án efa ódýrasti sjálfskipti cjeppingurinn á markaðnum í dag.

Forester 2.590.000,- Forester PLUS 2.790.000,- Forester LUX 3.050.000,-

Ingvar Helgason		Sevarhófa 2 Sími 525 8000 www.ih.is		Opíð: Mánudaga - föstudaga kl. 9:00-18:00 og laugardaga kl. 12:00-16:00	
Umboðsmenn um land allt	Akureyri 461-2960	Selkosi 492-3100	Njarðvík 421-8808	Höfn í Hornafirði 478-1990	Reykjavíki 474-1453

Júnípakki: 180.000 kr.

Aukahlutapakki fylgir með í júní. Upphækkun, heilsársdekk og 16" álfelgur.

STAÐALBÚNAÐUR: 2.0 lítra - 158 hestöfl, fjórhjóladrif, hiti í speglum, hraðastillir (PLUS), hiti í sætum (PLUS), hiti í frammróðu (PLUS) sjálfvirk loftkæling (PLUS), kastarar í stuðara (PLUS), sóllúga (LUX), aðgerðastýri (LUX), leðurinnrétting (LUX).

www.subaru.is

ÓKEYPIS ÍSETNING

2006 línan frá Pioneer



Pioneer DEH-1800

• 4 X 45 W magnari • D4Q Digital • RDS Móttakari • FM/AM/LW • 18 stöðva minni • Laus framhljó • EEG forstilltur tónjafnari • RCA útgangur • Verð 17.900.-



Pioneer DEHP-4800MP ... Spilar MP3/WMA/WAV

• Mosfet 4 X 50 W magnari • Útvarp FM/AM/LW • 18 stöðva minni • 3 Banda tónjafnari • EEG forstilltur tónjafnari • 2 X RCA útgangur • Snúningstakki • Verð 24.900.-

ALVÖRU
GRÆJUR
Í BÍLINN

ORMSSON

SÍÐUMÚLA 9 SIM 530 2800 SMÁRALIND SIM 530 2900 RÁÐJANAUST, AKUREYRI SIM 461 5000 HAFNARGÖTU 25, KEPLAVÍK SIM 421 1535